


REIÐLEIÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ÖRYGGISUPPLIFUN KNAPA & SAMSPIL VIÐ AÐRA ÚTIVISTARHÓPA



ÁHÆTTUÞÆTTIR KNAPA Á REIÐLEIÐUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

INNGANGUR	3
SKYNJUN OG EÐLI HESTSINS	6
Skynfæri og minni hesta	7
Samspil knapa og hests	9
Samspil knapa og annara útivistarhópa	9
INNVIÐIR REIÐLEIÐA	11
NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR	13
Grunnupplýsingar	13
Áhættuþættir almennt	16
Áhættuþættir tengdir útfærslum reiðleiða og mannvirkja	17
Áhættuþættir af völdum hegðun annara	22
VIÐAUKI	31
Skrifleg svör: 14 - Viðbótarskýring eða annað	31
Skrifleg svör: 16 - Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa	39
Skrifleg svör: 19 - Viðbótarskýring eða annað	53
Skrifleg svör: 23 - Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna	57
Skrifleg svör: 25 - Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa	66




teikn: Bjarni Pálsson

Áhættuþættir knapa á reiðleiðum á höfuðborgarsvæðinu

Inngangur

Reiðmenning Íslendinga er einstök og einkennandi fyrir landið. Á landsvísu eru reiðleiðir sem tengja saman öll byggð ból á Íslandi og ólíkt öðrum löndum hafa þær haldist að miklu leiti. Það er hestinum að þakka að menn gátu áður en vegir og farartæki komu til, ferðast landshornanna á milli með pósti og aðföng yfir óbrúaðar ár og óbyggðir.

Öll sveitafélög á höfuðborgarsvæðinu, að Seltjarnarnesi undanskildu, eru með hesthúsakjarna í sínu sveitafélagi. Innibyrðis á höfuðborgarsvæðinu eru allir hesthúsakjarnarnir tengdir með reiðleiðaneti, auk þess sem þær leiðir tengjast inn á net reiðleiða um allt land.



Reiðleiðanet höfuðborgarsvæðisins af kortavefsjá Landsambands hestamannafélaga

Hestar hafa verið órjúfanlegur þáttur í þéttbýli á Íslandi frá örófi.

Áður fyrr sem þarfasti þjónninn, í samgöngum landsins, við bústörf og flutninga efnis af ýmsum toga, en alla tíð hefur hann líka verið hafður í hávegum hjá þjóðinni fyrir ganglag og hæfileika.

Hestamennskan er stunduð jöfnum höndum sem íþrótt með ýmsu keppnisfyrirkomulagi og sem útivist bæði í þéttbýli og sem ferðamáti um landið að sumri til. Hún er vinsælt fjölskyldusport og eru knapar á öllum aldri frá ca 5-90 ára.

Eiginlega má segja að hestamennska sé lífsstíll þar sem börn og fullorðnir verja frítíma sínum í samlífi með hestinum. Íslenski hesturinn er elskaður á heimsvísu og mikil atvinnustarfsemi er tengd honum bæði hér heima og erlendis.

Á landsvísu eru 12.303 (árið 2023) skráðir í hestamannafélög og er Landssamband hestamannafélaga fjórða stærsta aðildarsamband innan ÍSÍ á eftir fótbolta, golfi og fimleikum. *Landsamband hestamannafélaga telur að um 25.000 manns stundi hestamennsku að staðaldri á landsvísu (munnleg heimild frá 11. Sept 2013)*1.*

Fimm hestamannafélög eru á höfuðborgarsvæðinu, skráðir félagar í þeim voru árið 2023:

Fákur í Reykjavík - 1.385
Sprettur í Kópavogi og Garðabæ – 1.720
Hörður í Mosfellsbæ – 652
Sörli í Hafnarfirði – 915
Sóti á Álftanesi – 137

Samtals: 4.809



Áætlað er að um 10.000 manns hið minnsta stundi hestamennsku að staðaldri á höfuðborgarsvæðinu, en ekki eru allir iðkendur hestamennsku skráðir í hestamannafélag. Þar að auki er fjöldi barna í reiðskólum og ferðamenn í hestaleigum sem erfitt er að henda reiður á.



teikn: Bjarni Pálsson

Sem dæmi, á Fákssvæðinu einu eru reknir tveir reiðskólar á sumrin þar sem hundruðir barna stunda hestamennsku tímabundið.

Fjölgun útivistarunnenda á undanförunum árum hefur ekki farið fram hjá neinum hestamanni sem stundar útreiðar á höfuðborgarsvæðinu.

Covid árin toppuðu þetta líklega og öll hestamannafélögin urðu áþreifanlega vör við árekstra milli útivistarhópa sem sköpuðu hættur og slys á knöpum.

Undirritaðar Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt og formaður reiðveganeftndar Fáks og Katrín Halldórsdóttir starfsmaður Vegagerðarinnar ákváðu að sameina krafta sína og reynslu og sóttu um styrk í rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar.

Verkefnið hlaut styrkveitingu en heiti þess er „Samspil ríðandi umferðar og annara vegfarenda á stígakerfi höfuðborgarsvæðisins“

Fókusinn í verkefninu er fyrst og fremst að huga að öryggi knapa á reiðleiðum og kortleggja hvar og hvernig hætta skapast af völdum innviða, annarrar umferðar, bæði farartækja sem og útivistarhópa af ýmsum toga.

Til að nálgast þetta víðfeðma efni enduðum við á að setja upp skoðanakönnun meðal hestamanna til að reyna að kortleggja hvar knapar upplifa helst ógnir af völdum innviða eða annara útivistarhópa.

Niðurstöðurnar geta gefið vísbendingu um hvar úrbóta er þörf á innviðum og / eða hvernig þurfi að fræða betur og upplýsa notendur um hegðun sem getur valdið slyshættu á knöpum.

Von okkar er að skýrslan muni verða góður grunnur fyrir áframhaldandi vinnu við gerð hönnunarleiðbeininga um útfærslur á reiðleiðum og innviðum þeirra með öryggi knapa í huga.



Skynjun og eðli hestsins

Ekki er hægt að fjalla um öryggi knapa á reiðleiðum nema fara örfáum orðum um skynjun og eðli hestsins.


Náttúruleg skilyrði hafa mótað eðli hesta og skynjun frá aldaöldi. Uppeldi í umhverfi mannfólksins og breyttar aðstæður frá náttúrulegu mynstri móta vissulega hegðun þeirra en breyta ekki eðlislægu atferli.

*Flóttaeðlið er mjög ríkt í hestum, á milljóna ára þróunartíma í nánu sambýli við hættuleg rándýr byggðist afkoma þeirra á því að flýja hættur (Evans)
Fyrstu viðbrögð hesta við hættu og hvers konar áreiti er flótti eða með öðrum orðum þá víkja hestar frá.*

*Þetta eðli hefur maðurinn nýtt sér í samskiptum og þjálfun hestsins. Eðlilegt svar hestsins við öllum ábendingum kemur til vegna þessa eðlis hans að víkja frá eða undan öllu sem er óþægilegt og/eða ögrandi og kjósa frekar það sem er þægilegt. *2*

Í samhengi við reiðleiðir í þéttbýli er gott að hafa í huga að allt sem kemur snögglega eða óvænt að hestinum getur kallað fram flótta viðbragð, hann gæti stokkið snögglega til hliðar, eða tekið á rás. Hvell hljóð og sprengingar geta líka kallað fram þetta viðbragð.

Hestar í þéttbýli þurfa sinn aðlögunartíma, þeir þurfa að læra á marga hluti og treysta þeim, það eru sem dæmi, undirgöng, göngubrýr sem þarf að fara undir, vegir og stígar þvera reiðleiðir eða liggja samhliða og alls konar farartæki sem þarf að venjast.



teikn: Bjarni Pálsson

Hér spilar knapinn mikið hlutverk því hesturinn sækir traust sitt til hans.

Hestar eru líka í eðli sínu mis öruggir með sig eða næmir fyrir utanaðkomandi áreiti. Hestar eru hjarðsdýr og vilja vera saman í hóp, þar hefur náttúran kennt þeim að þeir komast best af sem hluti af stærri hjörð eða stóði eins og það er kallað á hestamannamáli. Eðli hestsins er að hafa félagsskap og öryggi, velja sér og samþykkja leiðtoga sem hann fylgir og treystir. Þetta eðli hans er einnig notað við að nálgast hestinn og umgangast hann og temja.

En þetta eðli getur líka kallað fram hópviðbragð, þ.e. ef einn hestur fælist í hópi ríðandi fólks, getur það kallað fram flóttaviðbragð hjá fleirum í hópnunum.

Þetta er gott að hafa í huga ef fólk mætir t.d. hestaleiguhópi eða börnum í reiðskóla, þar sem auk þess eru að miklum líkindum óvanir knapar á ferð.

Varnareðli er lokaúrræði hests, losni hann ekki undan áreiti sem hann kýs að flýja frá. Því beitir hesturinn aðeins ef hann er þvingaður til einhvers sem hann skilur ekki. Ef hann er beittur stöðugu tilgangslausu áreiti sem hann getur ekki flúið. *2

Það eru litlar sem engar líkur á að hestur bregðist við áreiti annara útivistahópa með varnarviðbragði af einhverjum toga.

En eitt atriði ber þó að nefna, ef hundur í lausagöngu hleypur aftur undir hest og reynir að glefsa í fætur eða tagl, gæti hesturinn slegið hann til að verja sig, það högg gæti reynst hundinum dýrkeypt.

Skynfæri og minni hesta

Heyrn:

Hestar nota heyrnina m.a. til að hlusta eftir hættum. Þeir hafa mjög næma heyrn og skynja hljóð úr mikilli fjarlægð (líkt og hundar). Eyrn eru afar hreyfanleg og þannig gerð að þeir ná að skynja hljóð úr öllum áttum.

Hestar eru viðkvæmir fyrir mismunandi tónhæð og gera greinarmun á reiðilegum og glaðværum röddum. Hestar eru mjög næmir fyrir hátíðnihljóðum – ekki róa hestinn þinn með því að sussa á hann!

Hestar heyra þó lágtíðnihljóð verr en mannfólkið og átta sig t.d. ekki á því ef hjólandi maður nálgast aftan frá fyrr en frekar seint og bregðast þá oft við með flóttu.

Tilfinning /snerting:

Hestar eru mjög næmir fyrir snertingu – þeir finna fyrir lítilli flugu sem sest á líkama þeirra. Snerting við hest þarf að vera fuðlaus en næm.

Hestar hafa persónulegt svæði í kringum sig – þangað hleypa þeir aðeins þeim sem þeir treysta. Við nálgun hrossa þarf að taka tillit til þessa, ekki nálgast þau of hratt eða hranalega – líkamstjáníngin má ekki vera ógnandi, en heldur ekki of hikandi.



teikn: Bjarni Pálsson

Sjón:

Staðsetning augnanna gerir hestum kleift að sjá hluti fyrir framan sig, aftan og til hliðanna – blindir blettir eru rétt fyrir framan (~0–2 m) og rétt fyrir aftan (~0–2 m) hestinn.


Hestar sjá liti en ekki alla liti, þeir sjá betur í myrkri en maðurinn og þeir eru lengur að venjast breytingum á ljósi. Hestar nota sjónina til að skynja hreyfingar í umhverfinu og bregðast oft við þeim áður en þeir átta sig á því hvað er að hreyfast.

Minni:

Hestar eru mjög minnugir og meðvitaðir um breytingar í umhverfi sínu.

Ef eitthvað kemur upp við vissar aðstæður, á ákveðnum stað, muna hestar það lengi á eftir og geta orðið hræddir eða órólegir á sömu stöðum eða við sömu aðstæður. *3

Það er gott að hafa í huga þessa eðlisþætti hestsins þegar innviðir eru hannaðir og fyrir þá sem deila útivistarsvæðum með hestinum.



teikn: Bjarni Pálsson

Samspil knapa og hests

*Að skilja hest er að geta hugsað eins og hestur, gera sér grein fyrir því hvað hann skilur og hvernig hann bregst við því.*2*

Knapinn er leiðtogi hestsins og í gegnum tamningu hefur hann lært að treysta á að knapinn taki réttar ákvarðanir fyrir hann. Knapar eru auðvitað misvanir og hestar eru á öllum stigum þjálfunar á reiðleiðum höfuðborgarsvæðisins.

Aldur knapa segir ekki alltaf til um færni hans, en sannarlega verður liðleiki og viðbragð fólks hægara með aldrinum. Knapar geta verið misöruggir með sig á hestinum, viðkomandi er kannski á ungum hesti sem er að læra á umhverfið, er að læra á nýjan hest eða er einfaldlega að læra sjálfur að sitja hest.

Að sitja hest er mikil jafnvægiskunst í sjálfu sér og krefst þjálfunar, auk þess sem knapinn þarf að læra tungumál hestsins og verða sá leiðtogi sem hesturinn þarf til að hafa stjórn á honum.

Þetta er gott að hafa í huga þegar útivistarhópar mætast og leiðir skarast.

Reiði er sem dæmi oft hræðsluviðbragð og getur verið ákall um að viðkomandi upplifi sig í mikilli hættu.

Ef knapi óskar sérstaklega eftir því að viðkomandi hægi á sér eða bíði meðan riðið er framhjá er það einungis gert af öryggisástæðum og ber ekki að túlka sem yfirgang.

Samspil knapa og annara útivistarhópa.

Það er gott að hafa í huga þegar maður mætir knapa á hesti að það eru tveir heilar að störfum og knapinn þarf bæði að lesa umhverfið, vera sjálfur í jafnvægi ásamt því að lesa skynjun og viðbragð hestsins.



teikn: Bjarni Pálsson

Bergljót Rist sem sem rekið hefur hestaleigu og reiðskóla til margra ára á heiðurinn að dæmisögu í myndbandi Samgöngustofu „Hestar og umferð“ (sjá hlekk í heimildaskrá), þar sem reiðhjól er sýnt fælast við að mæta hesti. Þetta var nú til gamans gert í þeim tilgangi að auka skilning á þeirri stöðu sem knapar geta lent í við óvæntar upptakur.

Það er afar ólíklegt að knapar skapi hættu fyrir aðra útivistarhópa, en það eru mun meiri líkur á að hegðun annara geti skapað hættu fyrir knapa, þar með talið líka tilitslaus reiðmennska annara knapa.

Það er svo stutt síðan að flestir Íslendingar höfðu einhver kynni af hestum, áttu skildmenn í sveit eða voru sendir í sveit. Í dag er virkileg þörf á fræðslu um hegðun og viðbrögð hestsins svo ánægjuleg samvera með öllum útivistarhópum geti átt sér stað. Ekki síst er þörf á hönnunarleiðbeiningum fyrir þá sem skipuleggja reiðleiðir og mannvirki tengt ríðandi umferð.

Oft er fólk vel meinandi og ætlar að taka tillit t.d með því að fela sig bak við runna til að vera ekki fyrir hestinum, en það sem hesturinn skynjar er að það er eitthvað óargadýr í leynum bak við runnann, tilbúið til árásar.



teikn: Bjarni Pálsson

Mestu máli skiptir að knapinn hafi góða yfirsýn því hann þarf að vera á undan hestinum að huga að því sem framundan er.

Það er gott að vera búin að ná augnsambandi við fólk sem knapinn er að mæta, hvort sem viðkomandi er á hesti, gangandi eða hjólandi.

Ekki gerast ómeðvitað smali segir einnig í fræðslumyndbandinu „Hestar og umferð“, þar er sýnd mynd af manneskju hlaupandi með heyrnartól sem er alveg í eigin heimi og heyrir hvorki né sér aðra í kringum sig. Hlaupandi á eftir eða að hesti með þessum hætti getur skapað mikla hættu og knapinn nær oft engu sambandi við viðkomandi, sem heyrir ekki né sér.

Hestur er ekki endilega hræddur við lausa hunda, en ef þeir birtast óvænt fyrir horn eða út úr skógi getur þeim brugðið. Laus hundur sem skyndilega dettur í huga að hlaupa á eftir hesti getur skapað mikla hættu, auk þess sem hætta er á að hundurinn verði slegin, fari þeir í tagl eða fætur hestsins.

Innviðir reiðleiða

Um hönnun innviða fyrir ríðandi umferð gildir það helst að skilja hvernig hestur hugsar og bregst við.

Það krefst því þekkingar á eðli hesta og/ eða mjög góðra hönnunarleiðbeininga þar sem sýnd eru dæmi um góðar lausnir og útskýrt hvað þarf að hafa í huga.

Nokkur atriði mætti nefna sem lykilatriði við hönnun innviða:

1. Góð yfirsýn þar sem knapi og hestur sjá vel hvað er framundan;
2. Skapa góða fjarlægð milli hjólandi/ gangandi og ríðandi umferðar;
3. Útfærslur á skörun reiðleiða við aðrar útivistarleiðir. Hér er einnig mikilvægt að útfæra yfirborðsfrágang þannig að ekki skapist slyshætta hvorki fyrir knapa né aðra útivistarhópa. Malbik er sem dæmi mjög sleipt yfirborð fyrir skeifur og að sama skapi getur mól sem fer upp á malbikaða hjólaleið skapað slyshættu fyrir hjólandi umferð. Hér þarf því að vinna með yfirborð sem hentar báðum;
4. Að ekkert komi skyndilega fram með hestinum aftan frá;
5. Blindbeygjur þar sem einhver getur komið óvænt fyrir horn (þetta á líka við um reiðgöturnar sjálfar);
6. Undirgöng fyrir ríðandi umferð séu rúmgóð með góða hljóðvist og lýsingu. Forðast blindbeygjur inn í reiðgöng. Nauðsynlegt er að hafa sér undirgöng fyrir ríðandi umferð, þar sem mikil umferð hestafólks er;
7. Ekki byggja há skilrúm á milli leiða þar sem hesturinn heyrir að það er einhver á bak við vegg en sér það ekki. Betra er að hafa lægri girðingu þar sem aðilar sjá hvorn annan;
8. Sama má segja um svæði þar sem reiðleiðir og aðrir stígar liggja mjög nærri hvor annari, þá getur lág grasmön gert gagn, en óþarfi að fyll hana af gróðri þannig að öll yfirsýn sé farin



teikn: Bjarni Pálsson

Sem dæmi um ólíkar þarfir fyrir gangandi eða ríðandi umferð má nefna þverun umferðargötu. Þar sem þvera þarf götur er mikilvægt að hesturinn geti farið yfir báðar akreinar í einu, það er ekki hægt að ætlast til að hestur bíði á miðeyju eins og gangandi vegfarandi myndi gjarnan gera.

Eins getur verið gott að hafa leiðandi girðingu að götunni með möguleika á að stoppa hestinn í horni.

Rétt staðsetning staura og skilta er einnig mjög mikilvæg, röng staðsetning getur auðveldlega skapað slyshættu fyrir knapa.

En hér eru bara örfá atriði nefnd sem dæmi, í hönnunarleiðbeiningum væri hægt að setja upp nokkur dæmi myndrænt til að leiðbeina þeim sem vinna að útfærslum reiðleiða í samspili við aðrar útivistarleiðir. Sérstakur sáttmáli hestafólks og fulltrúa annarra útivistarhópa var undirritaður í félagsheimili Fáks í Víðidal 8. Maí 2021 á vegum Samgöngustofu, samhliða því að fræðsluvídeóið "Hestar og umferð" var sett í loftið. Sáttmálinn var gerður til grundvallar fræðslu fyrir alla hlutaðeigandi svo öryggi þeirra og annarra sé sem best tryggt.




SÁTTMÁLI



HESTAFÓLK

OG


ANNARRA VEGFARENDA




KNAPI ER TIL FYRIRMYNDAR Í UMFERÐINNI MEÐ ÞVÍ AÐ...

1. fara að umferðarlögum og öðrum þeim reglum sem gilda
2. fylgja eigin umferðar- og umgengisreglum og sýna ábyrgð og tillitsemi
3. vera vakandi fyrir umhverfinu, sýna ábyrgð, kurteisi og tillitsemi
4. virða mikilvægi samvinnu og setja sig í spor annarra vegfarenda
5. virða sérstöðu hjólandi- og gangandi annarsvegjar og annarrar umferðar hinsvegjar.

KNAPI...


1. sýnir ávallt varúð óháð forgangi
2. leitar eftir augnsambandi við stjórnendur annarrar umferðar
3. er meðvitaður um skert sjónsvið stjórnenda bifreiða
4. fer ekki viljandi inn á sérmerkt göngu-, skíða- og hjólastíga  og gætir sérstakrar varúðar á sameiginlegum stígum og vegum
5. er meðvitaður um mögulega hættu á svæði sem hann sér ekki yfir
6. kynnir sér öruggustu leiðina miðað við aðstæður
7. hefur í huga að aðrir vegfarendur eru á öllum aldri og misvanir
8. notar endurskin til að auka sýnileika við aðstæður sem þess krefjast
9. gætir sérstakrar varúðar á svæði þar sem lausaganga hunda er leyfð
10. skilur sérstöðu annarra vegfarenda, hægir á sér og stoppar í öryggisskyni þar sem við á



AÐRIR VEGFARENDAR ERU TIL FYRIRMYNDAR MEÐ ÞVÍ AÐ...

1. fara að umferðarlögum og öðrum þeim reglum sem gilda
2. fylgja eigin umferðar- og umgengisreglum og sýna ábyrgð og tillitsemi
3. vera vakandi fyrir umhverfinu, sýna ábyrgð, kurteisi og tillitsemi
4. virða mikilvægi samvinnu og setja sig í spor hestafólks og annarra vegfarenda
5. virða sérstöðu hestafólks annarsvegjar og annarrar umferðar hinsvegjar

GANGANDI, HLAUPANDI, HJÓLANDI, SKÍÐANDI OG AKANDI...

1. sýnir ávallt varúð óháð forgangi
2. er meðvitaður um mögulega stýggð hestsins og leitar eftir augnsambandi við knapa
3. gætir þess að vera sýnilegur og hefur vilt sjónsvið hestsins í huga
4. fer ekki viljandi inn á skipulagða reiðstíga  og gætir fyllstu varúðar á sameiginlegum stígum og vegum.
5. er meðvitaður um mögulega hættu á svæði sem hann sér ekki yfir
6. gætir þess að óvænt hljóð, vélahljóð, flaut, hróp og snögg viðbragð getur fælt hestinn
7. hefur í huga að hestar og knapar eru á öllum aldri og misvanir
8. notar endurskin og/eða ljós til að auka sýnileika við aðstæður sem þess krefjast
9. heldur hundi að sér og hefur hann helst í taumi
10. skilur sérstöðu hestafólks, hægir á sér og stoppar í öryggisskyni þar sem við á



www.samgongustofa.is/hestarogumferd

Niðurstöður könnunar

Upplifun knapa varðandi öryggi á reiðleiðum á höfuðborgarsvæðinu.


Eftirfarandi texti og myndræn gröf og prósentur eru niðurstöður úr skoðanakönnuninni.

Grunnupplýsingar

Til að ná utan um hvaða ógnir knapar upplifa helst í tengslum við reiðleiðir, sendum við skoðanakönnun á öll hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu.


Svarendur voru 693 í heildina, en sá fjöldi svaraði þó ekki öllum spurningunum.

Það er ánægjulegt að sjá að 96% svarenda eru skráðir í hestamannafélag, en könnunin var kynnt inn á vefsvæðum hestamannafélaganna.




Fjöldi svarenda í hverju hestamannafélagi er í nokkuð góðu hlutfalli við skráðan fjölda í hverju félagi, þó hefðu mátt berast fleiri svör frá Spretti sem telur aðeins fleiri félagsmenn en Fákur.

1. Á hvaða félagssvæði stundar þú hestamennsku




2. Ertu skráður í hestamannafélag?




Aldursdreifingin í könnuninni speglar vel hversu breiður aldurshópur stundar hestamennsku en sem dæmi voru 10% svarenda á aldrinum 68-80 ára, en flestir svarenda 59% voru á aldrinum 41-67 ára.

3. Á hvaða aldri ert þú




Við lögðum könnuna þannig upp að í byrjun reynum við að ná utan um svarendurna á hvaða aldri þeir eru, reynslu þeirra og hvernig hestamennsku þeir stunda.

4. Hversu vanur knapi ert þú



5. Hvernig reiðmennsku stundar þú



Við fengum svarendur líka til að skilgreina hvernig hestakost þeir eru með í grófum dráttum og hversu mikið þeir nýta reiðleiðir utan afmarkaðs félagssvæðis.


Spurningin um hvort fólk fari í hestaferðir styður við upplýsingar um hversu stórt hlutfall nýtir lengri reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu.

Það er ánægjulegt að sjá að 73% svarenda fara líka í hestaferðir á sumrin.



teikn: Bjarni Pálsson

6. Hvernig myndir þú lýsa hestakostinum þínum




54% (378)
Bland af ungum óreyndum og traustum hrossum

34% (239)
Traustur og umhverfisvanur

6% (39)
Viðkvæmur og sjónhræddur

5% (38)
Ungur og er að læra á umhverfið

7. Hversu mikið notar þú reiðleiðir UTAN nærsvæðis hestamannafélagsins?




44% (304)
Nota þær mjög mikið

40% (276)
Í meðallagi

15% (101)
Mjög lítið

2% (13)
Ekkert

8. Ferðu í hestaferðir á sumrin



73% (507)
Já

27% (187)
Nei

Áhættuþættir almennt

Í könnuninni skoðuðum við annarsvegar ógnir af völdum innviða, þ.e hönnunarþáttinn á útfærslum tengt reiðleiðum og hins vegar ógn af völdum hegðun annara, þar sem við skoðuðum hvaða þættir væru helst að valda hættu.


Í báðum þáttum gáfum við einnig færi á að fólk gæti skrifað ábendingar og lýst aðstæðum eða upplifunum. Þau svör látum við einnig fylgja sem viðhengi með skýrslunni, svörin geta gefið nákvæmari lýsingu á því sem þarf að laga staðbundið og hvaða ógnir af völdum hegðun annara þarf að taka á.




teikn: Bjarni Pálsson

Það vekur athygli hversu stórt hlutfall svarenda telur útreiðasvæði sitt frekar óöruggt, eða 38% og 47% gátu talið 3-4 staði sem valda óöryggi á þeirra útreiðasvæði.

9. Hversu öruggt telur þú útreiðasvæðið þitt vera:



10. Hversu margir staðir koma upp í hugann sem valda þér óöryggi á þínu útreiðasvæði



Áhættuþættir tengdir útfærslum reiðleiða og mannvirkja

Í þessum hluta könnunarinnar er fókusinn á innviði, hvað eru algengustu vandamálin og hvaða hönnunargallar skapa mesta hættu.

Einnig eru nokkrar fullyrðingar sem svarendur gefa vægi gagnvart slyshættu. Eftirfarandi súlurit sýna hvernig svarendur mátu mismunandi aðstæður gagnvart hættu

11. Hvað af eftirfarandi hönnunargöllum á útfærslum við reiðleiðir finnst þér algengastar.

Mesta hættu

Minnsta hættu

GÖNGU OG HJÓLALEIÐIR ERU LAGÐAR OF NÆRRI REIÐLEIÐUM



GATNAMÓT VIÐ AÐRAR ÚTIVISTARLEIÐIR EKKI NÓGU VEL ÚTFÆRÐAR



YFIRSÝN EKKI NÆGILEG ÁÐUR EN KOMIÐ ER AÐ SKURÐPUNKTUM VIÐ AÐRAR ÚTIVISTARLEIÐIR



BLINDBEYGJUR INN EÐA ÚT ÚR REIÐGÖNGUM



VEGGIR/ AÐSKILNAÐUR ÞAR SEM REIÐMENN DEILA UNDIRGÖNGUM MEÐ ÖRÐUM ÚTIVISTARHÓPUM ILLA LEYST



ÞVERUN YFIR AKVEGI EKKI NÓGU ÖRUGG



OF MIKIL NÁLÆGD VIÐ ÍBÚÐARHÚS OG ÖNNUR MANNVIRKI VIÐ REIÐGÖTUR



ÞVERUN YFIR GÖNGU/ HJÓLALEIÐIR ILLA LEYSTAR



TRÉ OG GRÓÐUR SEM HINDRAR YFIRSÝN



LÉLEGT VIÐHALD REIÐLEIÐA, S. S. HÆTTULEGAR HOLUR EÐA ANNAD SEM SKAPAR HÆTTU




SKILTI EÐA STAURAR ILLA STAÐSETTIR, EÐA OF NÆRRI REIÐLEIÐUM




GRJÓT/ HRAUN SEM SKAPAR HÆTTU NÆRRI REIÐLEIÐUM




12. Gefðu eftirfarandi fullyrðingum vægi gagnvart slyshættu




Göngu og hjólaleiðir eru lagðar ofnærri reiðleiðum




Gatnamót við aðrar útivistarleiðir ekki nógu vel útfærðar




Yfirsýn ekki nægileg áður en komið er að skurðpunktum við aðrar útivistarleiðir



Blindbeygjur inn eða út úr reiðgöngum




Veggir/aðskilnaður þar sem reiðmenn deila undirgöngum með öðrum útivistarhópum




Of mikil nálægð við íbúðarhús og önnur mannvirki við reiðgötur




13. Gefðu eftirfarandi fullyrðingum vægi gagnvart slyshættu




Þverun yfir akvegi ekki nógu örugg




Þverun yfir göngu/hjólaleiðir illa leystar




Tré og gróður sem hindrar yfirsýn




Lélegt viðhald reiðleiða, s.s. hættulegar holur eða annað sem skapar hættu



Skilti eða staurar illa staðsettir, eða of nærri reiðleiðum



Grjót/ hraun sem skapar hættu nærri reiðleiðum



14. Viðbótarskýring eða annað - sjá viðhengi

Í viðbótarskýringum kemur skýrt fram staðbundnar hættur á hverju félagssvæði. Margir söknuðu spurninga er varðaði notkun annara útivistarhópa á reiðleiðum sem hefur stóruávik undanfarið ár, þar má nefna fjallahjól bæði venjuleg og rafmagns, mótorkrosshjól, buggy bílar og göngufólks með hunda.

Stærsta sameiginlega ógnin eru mótorkrosshjól á reiðleiðum, sem koma á mikilli ferð og skapa hættu, en auk þess eyðileggja þau líka reiðleiðirnar, þær verða eins og þvottabretti.

Margar ábendingar varða líka reiðleiðir sem einnig eru samnýttir sem akvegir og alls konar farartæki fara um.


Nokkrar ábendingar varða merkingar á reiðleiðum, sem skortir í mörgum tilfellum. Nokkrar ábendingar varða leiðir sem hafa verið aflagðar en engin ný komið í staðin.

Einnig að reiðleiðir séu bara teknar undir aðra hópa án samráðs. Malarvegir sem voru samnýttir malbikaðir en engin reiðleið lögð meðfram.

Skortur á lýsingu er nefnt nokkuð oft. Golfvöllir og fótboltavöllir eru ógn við t.d félagssvæði Harðar í Mosfellsbæ, auk þess sem flugvöllur er í mikilli nálægð. Lausir hundar í hesthúsahverfum er nefnt nokkrum sinnum (sem flokkast nú frekar með hegðun annara þ.e eigenda hunda) Staðsetning skilta og staura er nefnt all oft sem áhættuþættir.

15. Hvað gerir þú í gagnvart þeim aðstæðum sem þér finnst óþægilegar?

Spurningin hvað þú gerir í óþæglegum aðstæðum, varpar ljósi á hvernig knapar bregðast við aðstæðum í þessu tilfalli sem tengist innviðum, það er athyglisvert hversu fáir láta vita af aðstæðum sem eru hættulegar, hér vaknar spurning um hvort fólk reikni hreinlega ekki með að neitt gerist þó það tilkynni um hættulegar aðstæður. Það er þó nokkuð hátt hlutfall 16% sem hreinlega sleppir því að fara í ákveðnar aðstæður.



74% (268)
Fer mjög varlega um ákveðin svæði

16% (59)
Sleppi því að fara þá leið

7% (26)
Fer af baki og teymi ákveðinn kafla

3% (11)
Tilkynni hestamannafélaginu eða sveitafélaginu um hönnunargalla og óska eftir endurbótum

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa- sjá viðauka

Í spurningu 16 báðum við fólk að lýsa aðstæðum þar sem það hafði upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki hafi skapað þeim hættu. Í viðhendi nr 16 má lesa svörin. Þau eru að vísu oft blandað saman hegðun annara og útfærsla innviða.

Áhættuþættir af völdum hegðun annara

Í þessum hluta könnunarinnar var horft til hegðunarpátta sem geta valdið óöryggi og slyshættu á knöpum.

Á glærum 17 og 18 og 20 og 21 má sjá hvernig svarendur röðuðu annarsvegar mismunandi fararækjum og ferðamátum og hins vegar hegðunarpáttum.

Það er áberandi hvað svarendur eru sammála um að mótorcrosshjólin séu mesta ógnin 76%, reiðhjól á reiðleiðum koma svo í kjölfarið með 51%. Það er athyglisvert að reiðlag annara knapa hefur nokkuð mikið vægi í að skapa óöryggi, tilitslaust reiðlag eða knapar sem ráð illa við hrossin sín. Í viðhengi 19 má sjá viðbótarskýringar svarenda.




teikn: Bjarni Pálsson

Það er sláandi að 62% svarenda forðas ákveðnar reiðleiðir vegna áreitiss frá öðrum útivistarhópum og í viðhengi 23, má sjá viðbótarskýringu á því hvers vegna.

Það er nokkuð góð samsvörun í því hvað fólk upplifir sem mikla ógn á reiðleiðum, það snýr mjög gjarnan að almennu tillitsleysi og ónærgætni. Það er ítrekað taðal um mótorkjól og reiðhjól á reiðgötum.

17. Hvað af eftirfarandi finnst þér skapa mesta hættu



18. Hvað af eftirfarandi hegðun metur þú að skapi mikla hættu fyrir knapa

Mesta hættu

Minnsta hættu

MÓTORKROSSFÓLK Á REIÐLEIÐUM OG Í NÁGRENNI ÞEIRRA.



REIÐHJÓLAFÓLK Á REIÐSTÍGUM EÐA Í MIKILLI NÁLÆGD ÞEIRRA.



SPRENGING FLUGELDA BÆÐI LÖNGU FYRIR OG EFTIR ÁRAMÓT



FÓLK MEÐ LAUSA HUNDA



HLAUPAFÓLK EÐA AÐRIR ÚTIVISTARIÐKENDUR MEÐ MÚSÍK Í EYRUNUM. (HEYRA EKKI UMHVÆFISHLJÓÐ)



FRAMKVÆMDIR Í NÁGRENNI HESTHÚSABYGGÐA



VEL MEINANDI FÓLK SEM FELUR SIG BAK VIÐ GRÓÐUR TIL AÐ TAKA TILLIT TIL KNAPA.



TILLITSLEYSI ANNARA KNAPA.



GÖNGUSKÍÐAFÓLK OG BÖRN Á SNJÓÞOTUM



VÉLSLEÐAFÓLK Í NÁGRENNI REIÐLEIÐA



REIÐMENN SEM RÁÐA ILLA VIÐ HESTANA SÍNA.




REIÐMENN SEM MISSA TAUMHESTA.




teikn: Bjarni Pálsson

19. Viðbótarskýring eða annað - sjá viðhengi


20. Gefðu eftirfarandi hegðun vægi í slysahettu




Mótorkrossfólk á reiðleiðum og í nágrenni þeirra




Reiðhjólafólk á reiðstígum eða í mikilli nálægð þeirra




Fólk með lausa hunda



Hlaupafólk eða aðrir útivistariðkendir með músík í eyrunum. (heyra ekki umhverfishljóð)




Sprenging flugelda bæði löngu fyrir og eftir áramót




Framkvæmdir í nágrenni hesthúsabyggða




21. Gefðu eftirfarandi hegðun vægi í slyshættu




Vel meinandi fólk sem felur sig bak við gróður til að taka tillit til knapa




Gönguskíðafólk og börn á snjóbotum




Vélsleðafólk í nágrenni reiðleiða



Tillitsleysi annara knapa




Reiðmenn sem ráða illa við hestana sína




Reiðmenn sem missa taumhesta

22. Eru reiðleiðir sem þú forðast að fara vegna áreitiss frá öðrum útivistarhópum



23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna -sjá viðhengi

24. Hvað gerir þú í aðstæðum þegar hegðun annara veldur hættu



teikn: Bjarni Pálsson

Samantekt

Það má ekki gleymast þegar svona gögn eru tekin saman að fólk er að nefna tilfellið þar sem óöryggi og ógn af ýmsum völdum er tekið saman, þetta gæti hljómað eins og það sé alveg hræðilegt og illmögulegt að stunda reiðmennsku á útivistarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Tilfellið er að við erum sennilega með eitt besta reiðleiðanet landsins við hesthúsahverfin okkar og langflestir reiðtúrar eru til hreinnar ánægju.

En með því að draga saman þessar upplýsingar þá er hægt að vinna í að sníða vankantana af hættulegum lausnum og þegar nýjar leiðir eru í vinnslu að fyrirbyggja mistök við útfærslur þeirra.

Það er áberandi í skriflegum svörum fólks að mikil ásókn er frá öðrum útivistarhópum inn á reiðleiðirnar, sem skapar árekstra og oft á tíðum hættu fyrir knapa. Það má segja að tímabilið frá Mars til byrjun Júní sé sá tími þar sem útivistarhóparnir skarast mest.

Á hesthúsasvæðunum eru langflest hross á húsnum frá desember til Júní, en eftir það fara flest hross í haga og hestaferðir. Það er að aukast að hestar séu teknir á hús á haustinn, en annars eru það aðallega tamninga- og keppnisfólk sem eru með hesta á húsi allt árið á svæðunum.

En hvernig nýtum við könnun eins og þessa til gagns?

Það er sterk vísbending um að fræðsla þarf að eiga sér stað gagnvart þeim sem ekki þekkja til hesta og viðbragða þeirra. Það þarf greininlega að merkja betur og upplýsa hvaða leiðir eru reiðleiðir og ætlað ríðandi umferð eingöngu.

Hestamannafélögin mættu greinilega líka brýna félagsmenn að sýna hver öðrum tilitsemi.

Varðandi innviði og útfærslur væri mjög þarft að taka saman nokkur dæmi um góðar lausnir og hönnunarleiðbeiningar sem faghópar sem skipuleggja lausnir fyrir ríðandi umferð geta flett upp í.

Hér dugir ekki að reyna að googla eða fletta um erlendum leiðbeiningum, því hestamenska eins og hún er stunduð á Íslandi er einstök og við verðum sjálf að sníða okkar stakk eftir vexti.

Útivistarsvæðin okkar geta auðveldlega rúmað alla útivistarhópa með réttu skipulagi og með tilitsemi í fartestkinu ættum við öll að geta notið þeirra saman.

Dagný Bjarnadóttir
Formaður reiðveganefndar Fáks

Katrín Halldórsdóttir
starfsmaður Vegagerðarinnar

ATH- Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar og ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar, álit hennar eða þeirra stofnana og fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

Heimildir:

*1

Hestamennska í grunnskólum

Kostir reiðmennsku og umgengni við hesta fyrir ungmenni í grunnskólum

Höf: Auður Ævarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs Háskóli Íslands Menntavísindasvið

<https://skemman.is/bitstream/1946/16904/1/Ritgerðin.pdf>

*2

<https://reidmenn.com/lesson/edli-hesta>

*3

https://www.lhhestar.is/static/files/Baeklingar/Hestaoryggi_A5_baeklingur_300dpi.pdf

Fræðslumyndband

Hestar og umferð- Samgöngustofa (maí 2021)

<https://www.facebook.com/samgongustofa/videos/169988751696363/>

Framsetning á gröfum og línuritum skoðanakönnunar

Dagný Land Design ehf (DLD)

Handteiknað myndefni:

Bjarni Pálsson



teikn: Bjarni Pálsson

14. Viðbótarskýring eða annað

1. Reiðleið umhverfis Rauðavatn ekki fullfrágengin norðanmegin. 2. Stórhættulegt að þurfa að ríða bíl veginn frá Dimmu og upp að áningargerðinu við Elliðavatn og yfir brúna á Helluvatni. Oft mikil bílaumferð og blindbeygja á veginum

Aukin hjólaumferð hefur skapað aukna hættu á reiðvegum

Stál gerðið fyrir framan félagsheimilið, beitigerði

Aðalhættan og óþægindin fólgin í því að gangandi, hlaupandi eða hjólandi vegfarendur nota reiðstígana.

Allt sem er tekið fram hér á undan er áhætta. Má líka taka fram bara almenning á reiðleiðum... fjórhjól; krossara, hjól þar sem ekki er tekið tillit, finnst það út í hött að reiðvegir séu ekki virtir.

Brúin við traðir í víðidal: mjög mikill gróður í kring svo að hross búast ekki við reiðhjólum og fælast þegar reiðhjól fara yfir brú. engar merkingar um hesta á göngu/hjóra leið.

Biggest danger is people not being polite (or ignorant) and respecting riding paths and the horse nature, incl horse people

Lausir hundar, hjól og fólk á reiðleiðum mesta hættan hjá óöruggum hestum

hjólastígur mjög nálægt reiðleið í víðidal. Ekki ánægjulegt að hjól með blikkandi ljós komi aftan að ungum hest.

Mikil hættu þar sem ríða þarf á akvegum eins og í Heðmörk

Legleg lýsing

Mesta hættan að mínu mati er af öðru útivistarfólki sem þvælist inn á reiðvegi, virðir ekki hrossin og sýnir litla sem enga tillitsemi. Þar er hjólafolk hvað verst, þó alls ekki allir. Einnig kemur fyrir að maður mætir óhedtvönum hundum í lausagöngu, þar sem ekki á að vera lausaganga, þar sem hundarnir þvælast undir lappir hestana og skapa hættu fyrir sjálfa sig sem og knapa og hest. Þó eru það einangruð tilvik þar sem maður mætir til-litslausum hundaeigendum en gerist þó. Tveir staðir í víðidal koma helst upp í hugann og er það við Rauðavatn og meðfram Breiðholtsbrautinni. Við rauðavatn vantar einfaldlega göngustíg á töluverðan kafla meðfram veginum, einnig vantar almennilegan reiðveg Mogga megin við Rauðavatn sem skapar sína hættu. Við breiðholtsbrautina virðist fólk ekki vita að það er göngustígur hinu megin við Breiðholtsbrautina og notar því reiðstíginn til að fara á milli Norðlingaholts og Ögurhvarfsins, veit sjálf annars ekki hvers vegna fólk þarf að þvælast þarna.

Burt með reiðhjól, mótorhjól, göngufólk, skokkara, fjórhjól og fólk með barnavagna og eða hunda!

Finnst alltof lítið af skiltum til að sýna öðrum sem eru t.d á hjólum, mótorhjólum eða með lausa hunda. Rekst a.m.k á 2 í viku sem eru á mótorhjól eða hjóli keyra alltof hratt um allt hverfið. Hef sjálf lent í tveimur slysum þar sem hundur bitur í hælana á hestinum mínum eða hleypur í áttina að hrossinu og hrossið þrjónar og rýkur.

14. Viðbótarskýring eða annað

Mikil hætta þegar fólk á Hópp hjólum koma yfir Breiðholts göngubrú og fara þvert yfir reiðveginn. Sumir taka ekkert tillit og hætta getur auðveldlega skapast.

Hálfbyggt mannvirki nálægt reiðveg í Fjárdal þar sem mikil járnbinding stendur uppúr og veldur mikilli hættu ef hross fælist eða knapi fellur af. Dauðagildra fyrir mann og hross

Þetta er sniðugt

Trébrúinn í tröðunum fyrir ofan reiðstíg er stór hættuleg fólk brunar yfir á hjólunum sínum og ber ekki tillit þó það sé skilti ef marg oft næstum því flugið af baki útaf þessari brú og oft rokið með mig á baki. Er ekki hægt að taka hana úr notkun og gera aðra göngu/hjólaleið annarsstaðar því þetta gengur ekki lengur veldur mer meira að segja kvíða þegar ég nálgast hana á ungum hestum.

Vegurinn að Elliðavatnsbænum frá reiðleið og að og yfir brúnna hættulegur mikil umferð bíla, hjóla hesta og gangandi ásamt veiðimönnum á brúnni á vorin sérstaklega. Eins malbyggaði kaflinn við Rauðavatn að norðanverðu mikil umferð og ekki tekið tillit engin aðstaða til að vera út í kanti.

Viðhald á reiðleiðum hefur verið til fyrirmyndar núna í haust á reiðleiðum í kringum Spretti. Hættulegast er að mínu mati að við þurfum að vera á götunni við Helguvík og Elliðarárbænum þegar við förum hringinn í kringum vatnið. Það er blindbeygja þar og mjög margar bílar á ferðinni í góðu veðri. Mikilvægt er að bæta úr því strax áður en það verður slys.

margir staurar og skilti eru á hættulegum stöðum, of margir ljósastaurar rankt staðsettir

Brú yfir reiðgötu þar sem hjól og gangandi fara yfir. Þung og hávær hjól hafa fælt hesta. Mikið áreiti nærri og á reiðgötum af hjólum, skokkurum, hundum oft lausum við Rauðavatn, vélhjól á reiðgötum eða nálægt, skilningsleysi og yfirgangur fólks gagnvart flóttæðli hesta.

Þverun akvegar v. Andvara að Rjúpnah. hættul. Leiðin eftir Rjúpnahæðarbrekkuna að Vífilstaðavatn hættuleg (bílastæði, þverun krossgötu v. Vífilsv. hættul. gangandi/akandi/bílar/hjól), bratta brekkan í Grunnuvatnaleiðinni að Urriðahrauni (þröng, holótt, vantar útskot, umferð bíla/hesta/gangandi/hjólandi/hundar), þverun yfir akveðinn þar erfið því hestafólk þarf að hægja á sér því stutt drullusvað tekur við, þarf að klippa trén á leiðinni niður í Maríuhella. Hættuleg leið við Elliðavatn, vantar reiðgötur/ endurbæta veginn suð austan við vatnið að Rauðhólum. Hættulegt að fara yfir brúnna því sumir bílaeigendur flauta af óþolinmæði. Hróst til gangandi og hjólandi fólks auk hundaeigenda. Örfáir þurfa að bæta sig.

Vantar betur merkingar fyrir reiðvegi og tilmæli til fólks að ekki fara inn á þá eins og til hjól, motorhjól og annað óviðeigind

Hjólreiðar, hlauparar, mótörhjól eiga ekki heima á reiðstígum

Merkingar reiðleiða er víða ábótavant

Í Spretti er ehv. megin slyshættan auk þverunar, einkum við akvegi. Stórgrýti sem sett er hér og þar í reiðveigi til að reyna að hindra umferð ökutækja.

Það er meira að allskonar útivist notar sömu götur og reiðmenn en að það sé mikil þverun

14. Viðbótarskýring eða annað

Fór varla í reiðtúra í haust nema að hitta allavega einn af þessum eftirfarandi á reiðveginum í hverjum reiðtúr; hjólræðarmönnum, krossurum, hlauprum/skokkurum, gangandi fólki, lausa hunda. Ég var erlendis í 2 ár og var að koma aftur á Sprettsvæðið og ég sé engan smá mun á aukningu á að fólk noti reiðvegana fyrir annað en útreiðar. Einnig er engin smá trafik í gegnum hverfið hjá Spret.

Lausir hundar í hesthúshverfum . Fæla hesta.

Í mosfellsbæ hefur verið virkilega illa að því staðið að vernda reiðleiðir fjær hesthúshverfninu. Þrátt fyrir að á svæðinu sé stunduð mikil hestamennska og útreiðar. Hafravatnsvegur - nýtt slitlag kemur í veg fyrir að hægt sé með öruggum hætti að halda áfram frá Skarhólabraut að Hafravatni.

Sumarbústaðahverfi við Hafravatn - bundið slitlag, engin skilti.

Akrabraut - reiðgata undir Hádegisfelli fyrir ofan uxamýri og Akra. Er tengleið frá Hafravatni og að Ökrum, Reykjum, Skammadal og áfram upp í Mosfellsdal. MJÖG mikið notðu reiðgata. En liggur nú í gegnum nýbyggingahverfi, búið að malbikabrekkuna sem er mjög hál og hjáleiðin er vægast sagt hættuleg fyrir hesta og menn.

Reiðleiðir frá skammadal og niður í Hörð - ómögulegt að komast á milli nema fara langan hring um mosfellsdal án þess að vera á malbiki.

Eins og staðan er í dag er ekki hægt að riða frá Hafravatni, Miðdal, Þormóðsdal, skammadal né efrabyggðum í Mosó og niður í hestamannahverfi án þess að vera á akvegi þar sem ekki er skilgreint sér svæði eða yfirhöfðu skilti um umferð hestamanna þrátt fyrir að þetta séu leiðir sem hafa verið farnar á hestum svo miklu miklu lengur en elstu menn muna.

Það þarf virkilega að bæta úr reiðvegamállum í mosfellsbæ, auka merkingar og tryggja öryggihestamanna á vegum sem hafa verið nýttir til útreiða td í kringum Hafravatn - þar sem aksturshraðinn hefur margfaldast með bundnu slitlagi.

Áreyti er alltaf að aukast! truflun af rafskuttlum og minni vespur á göngu leiðum sem oftast en ekki lyggja við hlið reiðleiða. Þá hefur tillitsemi minnkað og lítið umburðarlyndi gangvart hestum / þekkingarlysi.

Útreiðar í borgarumhverfi kallar orðið á meira tamda hesta og hesta sem ekki eru viðkvæmir.

Í Mosfellsdalnum og víðar eru mikið um krossara sem nota reiðvegina og telja sig hafa fullan rétt á því!

Vantar fleirri Val möguleika. T.d eldri hross geta verið sjónhrædd. Hættan þegar annað útivistarfólk er að nota reiðstíga.

Við erum með fótboltavöll við HLIÐINA á reiðleið þar sem getur orðið áfall fyrir hest ef bolta er sparkað í netið eða krakkar hlaupa æðandi að við að skjóta á mark sem staðsett er í átt að reiðleiðinni, var þannig í sumar minn hestur fældist sem er nú alveg vanur ýmsu. Annað við erum með sner-tilendingarvöll við HLIÐINA á reiðleiðinni og fældust t.d þrjú hross um daginn þegar rellan snertilenti og flau upp aftur rétt ofan við höfuðið á okkur. nota bene þetta er okkar aðal leið hestamanna þegar við erum að hreyfa hrossin okkar daglega og því mikil umferð hestamanna um hann, auk þess sem helmingur þessarar reiðleiðar er ekki upplýstur ég sem nýliði búið að vera bara í rúm 3 ár er rasandi yfir því að þetta skuli viðgangast að bærinn taki virkilega ekki þátt til að tryggja öryggi í þessari íþrótt þar sem fólk situr á lifandi verum sem eru óútreiknanlegar og þar að auki flóttadýr. Einnig erum við með svokallaðan Blikastaðahring þar sem golfarar eru og þar eru ekki eitt einasta skilti uppi sem varar við hestaferðum og að taka tillit til þess að þarna framhjá riður fólk út, mætti einmitt vera þar skylti auk þess mætti hengja upp skyldi í vistarverum golfara til upplýsinga en auk þess halda kynningarfund og fræða fólk um mikilvægi þess að taka tillit, ekki slá á meðan akkúrat er riðið framhjá þeim sem er að fara að slá, sama má segja um golfvöllinn á leið upp í Laxnes, þar er reyndar vegurinn oft mjög viðsjárverður, holóttur og hættulegur á stundum.

Það sem vantar mest á reiðleiðum í Herði er lýsing. Allar reiðleiðir fyrir utan hverfið eru óupplýstar.

Vantar lýsingu á reiðvegum

14. Viðbótarskýring eða annað

Ekki eiga allar fullyrðingarnar við um mitt reiðsvæði. En hins vegar fannst mér vanta þarna upp á að gera þeirri hættu skil sem myndast við mjög krappar beygjur á reiðleiðum svo og þeirri hættu sem lausir hundar hafa í för með sér.

Alvarlegast finnst mér að við skulum deila reiðvegum með hjólum, ég vil sjá fleirri reidvegi eingöngu fyrir hesta eða hesta og gangandi, alls ekki hjól saman við hesta, of margir hjóla á fleygiferð fram hjá manni, vil sjá upplýsingarskilti sem segir fólki hér geta verið hestar á ferð og vegirnir séu reidvegir ekki fyrir hjólandi, td. Eru hestar leyfðir kringum stórhöfða en þar er ekkert skylti sem segir hestar megi vera þar, hef ítrekad bent Hafnarfjarðarbæ á þetta.

Það er dapurlegt að búið er að taka af okkur reiðleiðina í Hafnarfjörð meðfram Flóttamannaleiðinni. Það er þó hægt að ríða niður að Vífilstaðavatni og áfram að Mariuhellum og nýju reiðleiðina meðfram Vífilstaðahlíð. En þetta er mjög varasamt að ríða frá Andvarahverfinu og þvera Flóttaleiðin. Á þessari leið aka menn mjög hratt og taka lítið tillit til reiðmanna, kjarrið vestan við veginn skyggir líka á. Eins eru gatnamótin niður við Vífilstaðavatn mjög erfið, þar mætast þrír vegir þar sem reiðgatan kemur að. og að lokum þarf að þvera Flóttaleiðina við Mariuhellana til þess að komast inn á reiðleiðina með fram Vífilstaðahlíðinni.

Í Mosfellsbæ eru flestar reiðleiðir notaðar af hjólandi og gangandi og þar eru hestamenn eiginlega fyrir. Kanski vantar fleiri hjóla og göngustíga. Mín skoðun er að þetta eigi að heita útivistartíma og vera fyrir alla hópana

Ég myndi treysta mér að merkja inn á kort af reiðleiða-svæðið sem ég nota reglulega, þau svæði sem valda hestum mínum (og reiðfélaga minna) beyg... stundum óútskýrðum en oft orðið fyrirsjáanlegum. Við suma af þessum stöðum hafa hestar okkar fælst og reiðmenn komist í hann krappan eða slasast. Einn af þeim sem kemur upp í hugann er reiðvegurinn við Guðmundarlund, þar sem hestarnir hafa oft verulegan beyg af þeirri útvis-tar-starfsemi sem fer fram í skjóli trjána. Þegar vegurinn var færður nokkra tugi metra frá svæðinu lagaðist þetta svolítið. Það eru nokkuð margir svona staðir.

Hjólreiðamenn og annað útivistarfólk sem veður áfram með frekju á merktum reiðstígum og sýnir ekkert tillit er lang mesta hættan sem blasir við hestamönnum

Ljósastaurar og skilti nálægt vegunum er það sem ég hef upplifað sem mesta hættu

Þar sem farið er undir akveg inn á trippahring (beint úr tröðunum) er slysa hætta, farið er niður aflíðandi veg en á leiðinni er önnur leið upp á reiðveginn (til og frá Fákssvæði). Ef hestur og knapi "poppa" upp þar á leið til Fákssvæðis á sama tíma og annar hestur og knapi eru á leið út af Fákssvæðinu þá geta hestar fælst. Kannskii hægt að gera þessa bröttu brekku meira aflíðandi svo hestar og knapar hafi meiri yfirsýn á það sem kemur "upp úr djúpinu"? :)

Merkja betur hvað er reið leið og hvað ekki

Verið að hanna göngustíga þvert yfir reiðgötur. Fræðsla til almennings allt of lítil og lítill skilningur á flóttaeðli hestsins

Allir eru vissulega að reyna að gera sitt besta og vonandi með tíð og tíma tekst okkur að skapa aðstæður sem henta öllum í útivist og á reiðleiðum.

14. Viðbótarskýring eða annað

Lýsing á reiðstígum er víða ekki nægileg. Sérstaklega mikilvægt að styttri leiðir í kringum hesthúsasvæðin sem mest eru notaðar í myrkri yfir veturinn séu vel upplýstar.

Tel útreiðarsvæðið að mestu öruggt. En finn fyrir truflun, þegar riðið er inn eða útur hverfinu þar sem ég er. Annars vegar er það nálægð við blokkir og göngustíga. Hins vegar nálægð við Guðmundarlund, þar sem mjög oft er mikil umferð bíla/hjóla og manna, einnig óvænt hljóð/hávaði.

Skortur á fræðslu til ökumanna bifhjóla og annarra léttra tækja um heimilaðar akleiðir. Helstu áhættuþættir á reiðleiðum fyrir ofan og í kring um Sprett felast í því að mæta ökumönnum á bifhjólum eða öðrum léttum tækjum sem telja sér heimilt að keyra um á merktum reiðleiðum. Ég treysti sjálfri mér að ráða við þessar aðstæður en ég er með 8 ára barn sem fylgir mér og ég treysti ekki á að hann ráði við aðstæður ef hrossi bregður við að mæta tæki.

Mesta vandamálið tel ég vera hjólreiðamenn á reiðstígum í nærumhverfi hestamannafélaga.

Mesta hættan skapast þegar utanaðkomandi virðir ekki skyldi um reiðleið, s.s hjóla og göngufólk o. fl.

Mætti banna hjólreiðar á reiðstígum, dugar ekki að banna eingöngu vélknúin ökutæki. Margt hjólreiðar fólk hjólar bara á fleygiferð í átt að hestum á reiðvegum og telur sig í fullum rétti, sem hefur valdið tjóni/slysi

Mætti bæta merkingu stíga og vega við hestahverfi. Merkja að reiðstígur sé reiðstígur og þá þarf einnig að vera bannmerki, s.s. ekki fyrir bíla, mótorhjól og hjól og lausir hundar. Fá á hreint hvort að gömlu línuvegirnir séu opnir fyrir vélknúin tæki eða ekki við Heiðmörk (fyrir ofan Guðmundarlund)

Skortur á lýsingu á reiðleiðum hefur áhrif á yfirsýn knapa og hesta

Takk fyrir að gangast fyrir þessari könnun

Vantar tilfinningu lýsingu undir Elliðaárbrúna á tryppahringnum. Viðhaldi lýsingar mjög ábótavant margir ljósastaurar með ónýtar perur

Alltof margir sem keyra of hratt við hliðin á reiðvegum. Vantar myndavélar til að minnka líkurnar á að ökumenn keyra of hratt!!!

Í kringum rauðvatn er enn að hluta akvegur og reiðvegur sami vegurinn, sem getur skapað talsverða hættu, enda einnig mikið notað til að viðra misvel tamda hunda. Ennfremur búturinn þar sem akvegur og reiðvegur fer saman, áður en komið er að gerðinu við Elliðavatn. Blindhorn á leiðinni og brú. Göngubraut þverar þennan hættulega hluta leiðarinnar og það væri mikil framför ef lagður yrði reiðvegur á svipuðum stað og gönguleiðin. Þá er brekkan milli fyrrum sumarhúss og húsana í Norðlingaholti (á leið frá Fákshverfi að Bugðu og Rauðhólum) einnig hættuleg. Aftur væri stórkostleg framför ef reiðvegurinn gæti legið nær Elliðavatni. Vil að lokum þakka mikla og góða framför í reiðvegagerð á undanförunum árum, sem hefur bæði aukið öryggi (samfara stórauðinni umferð annarra vegfarenda) og veitt mikla ánægju :-)

flugeldar eru mjög slæmir á milli jóladags og 6. janúar, ætti að banna algjörlega!!!!

Fjúkandi plast í hverfinu. Hávaði frá mótörhjólum. Hljóðlaust rafskutlur sumir ríða of hratt á móti manni.

14. Viðbótarskýring eða annað

Lítill yfirsýn eða þekking er stundum hjá skipulagsyfirvöldum á eðli útreiða. Ekki nægilegt samráð við hestamenn áður en stígar eru skipulagðir og gamlar leiðir sem nýttar hafa verið til útreiða eru teknar undir hjóla og göngustíga og/eða malbikaðar án þess að annað komi í staðinn.

Mikið af stóru grjóti á nýja reiðveginum hjá Elliðánni

Hja mér er gólfvöllur auk umferð gangandi og hjólandi, iðnaðarsvæði auk þess kjanaleg undirgöng undir þjóðveginn sem er reiðvegur ásamt fyrir aðra. Svona helsta áhættan hjá mér

gönguleiðir á svæði þar sem lausaganga hunda er leið skarast inn á reiðveig f. ofan rauðavatn. lausir hundar sem ekki kunna að haga sér í kring um hesta í bland við eigendur em ekki kunna að haga sér í kring um hesta, í bíð eftir slysi..

Of lítill lýsing á reiðleiðum í svartasta skammdeginu.

Rauðavatnshringur með miklu áreiti og slyshættu vegna nálægðar við útivistaiðkun annarra eða bíltúra s.s. reiðleið, lausir hundar og skaranir við stíga og götur. Mikið áreiti orðið við litla tryppahring frá aðalgötu.

Mikil hætta af öðru útivistarfólki sem þekkir ekki hegðun hrossa. Hjólafólk, hlauparar, gönguskiðafólk, buggy bílar, mótórhjól, fólk með hunda og fleira slíkt.

Í spurningum 12 og 13 geta þessir þættir skapað mikla hættu ef aðstæður eru slæmar og/eða ef vegfarendur (bæði hestafólk og aðrir) fara óvarlega og sýna ekki hver öðrum tillitsemi. Hins vegar eru þetta allt áhættuþættir varðandi hestamennsku í þéttbýli sem verða ekki leystir eingöngu með því að allir reiðstígar séu lagðir langt frá allri annarri umferð og pakka hestinum í búbbulplast. Árangur næst ekki nema með því að hinir ýmsu vegfarendur og útivistarhópar sýni hver öðrum virðingu og tillitsemi.

Gat ekki svarað/raðað spurningu 11 í farsíma - mjög lélegt farsímaviðmót (iPhone 13 pro) - byrjaði að reyna en gafst upp.

Þyrfti mögulega merkja reiðvegina betur svo annað fólk gæti látið reiðvegina í friði, allavega þennan kafla við hraðbrautina

Knapar, hestamenn eina útivistarsportið þar sem hvorki hestur né knapi eru í sýnileikafatnaði mjög slæmt..mætti bæta úr með herferð

Synum hvort öðru kurteisi og tiledsemi -kostar ekkert

Ágangur reiðhjóla, göngufólks með hunda, crossara og jafnvel bifreiða á reiðvegum óásættanlegur

Það skapar mikla hættu þegar hjóla og mótórhjóla fólk notar reiðvegina okkar og taka ekkert tillit til þess hvar þeir eru og er með öllu óásættanlegt.

Motorhjól er að nota reið leiðinn og ATV nota þessi svæði líka.

Ökutæki inn á reiðstigum skapa mikil hætt.

14. Viðbótarskýring eða annað

Aðstæður hafa versnað verulega, vegna framkvæmda, lélegs viðhalds á reiðleiðum og ágangs sjávar við hluta af leiðum, merkingum mjög ábótavant og flestar reiðleiðir eru blandaðar þannig að við eigum von á bæði gangandi, hjólandi og hlaupandi vegfarendum á sömu stígum. Hringleiðir eru lokaðar, reiðleiðir of nálægt miklum umferðargötum.

Það þarf að fara almenna akvegi til að komast inn á reiðleiðir - umtalsverð vegalengd. Umferð akandi, gangandi, hjóland og hestamanna eru ekki aðskilin

Gat ekki raðað í spurningu 11. Þannig það er ekki marktækt í mínum svörum

Mikilvægt að hafa góða lýsingu á reiðvegum, hefur verið ábótavant í vetur.

Aðal reiðleiðin í Herði er ca 4km hringur sem fer utan um fótboltavöll og framhjá flugbraut. Í snjó á veturna er oft lögð skíðagönguleið á fótboltavellinum sem mörg hross eiga erfitt með. Barnahestur vinkonu minnar rauk eitt sinn þegar skíðagöngumaður nálgast vegna hljóðanna þegar skíðin skrapa ísinn og á vorin/sumrin þegar fótboltaæfingar byrja er þetta svæði STÓRHÆTTULEGT vegna láta, litríkra búninga, fljúgandi bolta ofl... á alls ekki saman

Í Spretti eru staurar á hættulegum stöðum til dæmis á Landsenda. Erfitt að komast yfir götuna til að fara upp í hesthúsin á Landsenda. Erfitt hve mikið af fjórhjólum eru á veginum í kringum Guðmundarlund og mótorhjól og buggy bílar sem hestarnir eru hræddir við.

Mesta hættan í okkar hverfi eru umferðargötur sem þarf að fara yfir, Vatnsendavegur, Vífilsstaðavegur orðin svo mikil traffík á þessari leið. Einnig umferðin uppí Guðmundarlund sem fer í gegnum hesta hverfið.

Síðan eru það mótorhjóra umferð og hjól á reiðvegum sem hrella hrossin sérstaklega ef ungir knapar eru á ferð

Það sem mér finnst hættulegast eru krossararnir sem eru að spæna um í Heiðmörkinni.



teikn: Bjarni Pálsson

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Vinsælustu útreiðaleiðir í Víðidalnum liggja nærri vinsælum útivistarsvæðum hjá gangandi/skókkandi/hjólandi fólki. Ég hef alltaf varann á þegar ég ríð út í kringum Rauðavatnið á sameiginlegum kafla. Þar kemur fólk á brunandi ferð á hjóli eða skókkandi og tekur ekki alltaf tillit. Sama er upp á teningnum við Elliðavatn og niðri við stíflu í Elliðaárdal. Það er því mjög mikilvægt að ekki séu sameiginlegir kaflar heldur skýrt aðskildir vegir.

Íbúðarhús í norðlingaholti við reiðleið inn að rauðhólum

Úr Víðidal inn í Rauðhóla er lítil göngubrú sem þarf að fara undir og allt of oft eru að fara einhver rafmagns tæki - : hjól eða vespur þarna yfir á annatímum sem skapar mikla spennu fyrir hestana

Óæskileg umferð á merktum reiðstígum og engin undankomuleið fyrir hest skapar mikla hættu t.d rafmagnshjól, reiðhjól, vespur, krossfarar, hlaupafólk/hlaupahópar, gangandi umferð, börn, barnavagnar. Virðist ekki skipta máli þó um sérmerкта reiðleið sé að ræða það er ekki virt.

Hjólastígar

Eftir nýlegar breytingar á reiðleið niður á stífluelli. við árbæi/breiðholt hef ég ekki farið þá leið. Gerði tilraun til þess einn daginn og sneri við á þröngu brúnni sem kemur fyrst og er nálægt árbæjarlaug/fylkisvelli. Það er rosalega mikið áreiti á þessari leið og nenni ég bara hreinlega ekki henni lengur. Fólk sem er gangandi/hjólandi/hlaupandi ber voða sjaldan tillit til hestamanna þarna. Einn sem vinnur með mér gengur þarna oft og vælir mikið yfir okkur hestamönnum þarna utaf hestaskít á brúnni. Held að fólk eigi bara mjög erfitt að vera í samneyti við aðra útivist en það sjálft stundar. Maður mætir gjarnan fólki á hjóli á þessari brú og það stoppar oft ekki og vill hreinlega mæta manni á brúnni á hrossi sem gæti fælst svo já ég fer ekki þarna lengur ;) Eins líka á sumrin er mjög mikið um hraðakstur veiðimanna sem keyra niður að ánni og þeir aka nánast eins og þeir hafi stolið bílunum.

Hjólreiðamaður kom á fleygiferð úr trjálund þar sem leiðir skarast og fældi undan mér. Tókst að róa hross -með tvo til reiðar en tæpara mátti það ekki standa

Rullu plast fíkur, illa skafnir vegir(mjóir) erfitt að mætast

Þegar farið er um undirgöngin fra tröðunum eða til baka um tryppahringinn

Of hröð umferð yfir trébrú á leið upp úr dalnum

Mikil hætta t.d. meðfram Rauðavatni og Suðurlandsvegi. Stuttur spotti þar sem aðeins er einn stígur sem ætlaður er öllum. Það er hættulegasti hluti reiðvegasvæðisins að mínu mati.

Nýlegastustu dæmin: fjórhjól á reiðvegum, þvera yfir flóttamannaleið. Þar eru reiðvegir orðnir að bílastæðum og ekkert tillit tekið til ríðandi. Til að sporna við akstri á reiðvegum er búið að koma fyrir grjóti. Ef maður er að teyma komast varla 2 hestar á milli hvað þá 3. Hef þurft að fara af baki til að koma hrossum framhjá slíkum steinum. Lengi má telja

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Brú á leið í elliðardal og brú í tröðum: í elliðardal er ekki skipt göngu/hjóla vegum og reiðveg nógu vel og mjög hættulegt við mjóu brúna. Í tröðunum eru engar merkingar á brúnni til að gæta til þess að hjólafólk hægi á sér vegna hesta.

Datt af baki þegar hesturinn fældist

Bridge at Árbær sundlaug, crossing bike/walk path coming under the bridge from trippihring and 2 times at fiskisloð, cars at skeidvellir, car/scooter/bikes/walking people on riding path all over vididal

Asnalega hönnuð undirgöng, engin örugg og stutt reiðleið þar sem ekki er gólfvöllur, fótboltavöllur eða flugvöllur

Hlaupandi/hjólandi fólk á trippahringum!!!!; þvera bílaveg að Almannadal, fólk keyra mjög hratt; hjóla/göngustíg þver reiðveginn frá Bugðá við Norðlingaholt; lausir hundar á Mosfellsheiði koma skyndilega hlaupandi að hesta út ur skóg

Í norðlingaholti, þar sem göngustígur þverar reiðleið. Og útsýni lítið.

1.ég hef verið að fara undir undirgöng á sama tíma komið 4 bensínvespur á fleigiferð í gegn. 2.Hjól hjólað á hestinn hjá mér á reiðvegi þar sem það er ekki nægilega merkt að sé reiðstígur. 3 hjól koma á fleigiferð yfir reiðstíg og lítill tími til undirbúnings fyrir hest og knapa

Þegar riðið er frá víðidal að rauðhólum og brekkan upp við hliðin á íbúðar húsunum sem virka oft aðeins of nálægt. Einnig hættan á að mæta krossurum eða fjórhjólum á reiðstígum

Hjól sem hjóla á fullri ferð yfir brúna sem fer yfir reiðveginn og bara almennt tillitsleysi (hjá fólki, hjólum, bílum) sem kemur sem betur fer ekki oft fyrir

Þvera ákveði-fara undirgöng -vantar meiri fræðslu til barna sem eru á rafmagns hlaupa hjólum að sýna aðgát-eins að aðrir reiðmenn sýna ekki tillitsemi gagnvart öðrum þegar er verið að ríða fram úr á reið vegum

bílar að keyra of hratt, plast á reiðleiðum

Þar sem göngu/hjólaleiðir þvera reiðstíga og aðskilnaður göngu/hjólandi umferðar í undirgöngum

Undirgöngum vegna lélegs aðskilnaðar, Heiðmörk þar sem ríða þarf á akvegum innan um umferð og jafnvel um blindbeygjur og hæðir.

Hjól og gangandi / hlaupandi fólk á reið leiðinni

Læti frá trampólínum í gördum í Norðlingaholti við reiðstíginn. Hjóla og göngufólk á reiðstíg. Bílar hleypa ekki knöpum og hestum yfir bílagötuna. Lausir hundar og gönguhópar á reiðstígum við rauðavatn. Knapar fara vitlausumegin í undirgöng.

Þverun reiðveggar yfir Mjóadalsveg, reiðstígur í brekku, mikill gróður byrgir sýn bæði knapa og bílstjóra.

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Undirgöng undir Breiðholtsbraut og Suðurlandsveg vestan Rauðavatns. Gangandi ,hjólandi fólk á snjóruddum reiðvegum t.d.við Rauðavatn og fleiri þannig staðir sem gangandi,hjólandi vegfarendur eru á reiðleiðum þó göngustígar og brautir séu í námunda.

Undirgöngin þegar farið er Rauðavatnið

Umferð bíla of hröð. Meira sð segja þekktir hestamenn keyra alltof hratt

Aðallega hjól sem hestar hræðast mikið

Hef til að mynda mætt ótal mörgu hjólreiðarfólki sem hjólar á fullri ferð á móti hestinum, fælir jafnvel hestinn og hægur samt ekki á sig. Einnig þarf í flestum tilvikum að hafa mjög mikið fyrir því að það komist til skila að maður sé að byðja aðilann um að stoppa þar sem hann er nær undantekning-arlaust með heyrnartól í eyrunum og maður á sjálfur fullt í fangi með óttasleginn hest og getur ekki gefið merki með höndum.

Það er vinsæl gönguleið þvert yfir reiðvegin en ekki nógu vel merkt hvað er gönguleiðin eða reiðvegur. Maður er þá oft að mæta fólki með hunda eða á hjólum sem rugluðust á leiðum.

Skilrúm á milli leiða í undirgöngum eru ekki góð. Kom í umdirgöng og börn hinum megin við veginn lómdu í meðan þau hjóluðu í gegn og tveir knapar féllu af baki

Hjól birtast óvænt

Ófullnægjandi aðskilnaður í undirgöngum. Reileið á akvegum eins og t.d. í Heiðmörk sitthvoru megin við Elliðavatnsbrúna. Gróður of mikill og þéttur við reiðleið eins og á reiðleið milli Víðidals og Almannadals.

Þverun reiðvegjar og hjólabrautar við Rauðavatn

Farið í gegnum undirgöng sem eru ekki nægjanlega aðskilin reiðleikðinni og hestur fæist vegna hjólreiðamanns sem kemur á mikilli ferð

Fara þarf inná bílveg til að komast á milli reiðleiða

Háir kantsteinar þar sem reiðgata og akvegur mætast

Mikið af “blindum stöðum” þar sem maður þarf að fara hægt hjá bæði útaf kröppum beygjum og gróðri

Göngubrúin við hliðin á Breiðholts brú. Hef lent í að fá fólk á Hopp hjóli á fullri ferð aftan á hestinn sem fælist undan.

Hálfbyggt mannvirki með járnabindingu

Hjólreiðamenn taka litið tillit til hestamanna - hef lent í að hjól þvert reiðvegi á fullri ferð - Hólmsheiði og Elliðavatn

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Tré brúin hjá tröðunum og samanlögðu göngunum fyrir neðan hana. Þegar hjól kemur á fullri ferð hinum megin í göngunum snýr hesturin við eða gjörsamlega ríkur af stað

Holur, skildi ekki nógu vel merkt

Var að koma upp bratta brekku við Elliðavatn. Stígur er ætlaður öllum. Kemur kona á móti mér á hjóli sem ætlaði að "húrrast" niður brekkuna á móti mér á fleygiferð. Stígurinn er þröngur. Konan neitar að stoppa og heldur áfram. Var sem betur fer á taygasterkum hesti og þveraðk hann í brekkunni til að tala við konuna. Hún hinsvegar hreytir framan í mig að hún hafi hestamenn og hjólaði sína leið án þess að veota neott tillit.

Göng út að rauðavatni þar sem að komið er á hjóli inni í ógnandi göngum á miklum hraða. vegur og brúin út að elliðárvatni sem er deilt með bílum sem keyra stundum hratt og ógætilega.

Norðanmegin við Rauðavatn á malbyggaða kaflanum og við brúna á Elliðavatni. Mikil umferð allra og engin aðstaða til að fara almennilega út í kannt eða aðra leið. Lítið tillit tekið til hesta.

Hætta skapast allaf þegar riðið er undir brúna við Breiðholt, einnig undirgöng við Rauðavatn

Krossarar á reiðgötum á miklum hraða. Grjót í kannti sem valda sjónhræðslu. Holur í reiðvegum og plast faksandi í rúllum í vindi.

Var að lýsa því áður. Mikin hætta verður einnig þegar aðrir eru að nota reiðleiðir á vélknúnum fátækum eins og mótorhjólum. Það er mjög algengt að mæta slíkum á reiðleiðum við sumarhúsaþringnum

Lenti í að krakki á rafmagnsvespu keyrði á mig ig hestinn þegar ég kom útir götu í hesthusahverfinu ... engum var meint af

bilar stoppa ekki fyrir hestamönnum sem fara yfir akveg

Þverun hjólastíga við reiðstíg. Útivistarfólk með í eyrunum og veitir ekki athygli því sem er í kring, hleypur eða hljólar of nálægt eða/og of hratt. Undirgöng með millivegg þar sem hestar heyra í einhverju hinumegin við skilrímið.

hef misst algerlega stjórn á hesti þar sem racer hjól kom á fullri ferð á hjólastíg sem lá meðfram reiðstígnum :-/

Kröpp beygja undir brú og svo er stuttur malbikskafli eftir brúna, þar sem er einnig göngustígur. Hef mætt fólki á hjóli eða gangandi. Þetta er ákveðin blindgata

staurar og skilti of nálægt beigjum, hestur að flíta sér sker allar beigjur, munar oft litlu að maður verði eftir á staurnum.

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Hópar fólks í göngutúr á reiðgötum, fólk með barnavagna og lausa hunda á reiðgötum, vélsleðar á reiðgötum, fólk sem ryðst framfyrir hesta á brúnni yfir Elliðaár, stangveiðimenn við brýr á Elliðaánum og við mörk Helluvatns og Elliðavatns, holur í reiðvegum, lausir hundar td a leiðinni kringum Elliðavatn, reiðvegir liggja við hjólastíga, reiðgötu vantar og nauðsyn að fara út á akvegi ss á leið kringum Elliðavatn. Reiðgötur ekki nægjanlega merktar og stundum eru þær ætlaðar öllum ss kafla frá undirgöngum austur með Rauðavatni. Hávær mótórhjól á leið á Suðurlandsvegi nálægt reiðgötum við Rauðavatn og Breiðholtsbraut. Margir á ferð oft með lausa hunda við vesturenda Rauðavatns. Fer ört versnandi. Mjög illa staðsettur hjólastígur við vesturenda Fákssvæðis. hratt hjólað, falinn að hluta af trjám. hefur fælt rólegan og traustan hest. Bílaumferð fólks sem er að forðast umferðartafir á Breiðholtsbraut og keyrir því í gegnum Fákssvæðið. Fólk sem þeytir bílflautur nálægt hestum td inni á hesthúsa svæðinu. Hefur valdið 2 alvarlegum slysum. Að lokum: Loka fyrir hættu að bílar geti óvart ekið inn á áhorfendabrekkuna við Hvammsvöll. Þarna er fjöldi bíla, oft margir að koma og fara, og brekkan full af fólki. Þarf bara ein mistök.

Það er auðvita eitt og annað en ekkert tik að kvarta yfir

Ökumaður flautar þegar ég fór yfir brúinna við Elliðavatn, hraður akstur / blindgata á veginum frá E að Rauðhólum, einstaka keppnis hjólaeigandi hjólar á fullu inn í hesthúsakv. hestar fælast, einstaka keppnis hjólreiðam. hægir ekki á sér þrátt fyrir að vera á reiðstíg hestur fældist og knapi datt af baki.

Aðallega hjól og mogorhjol með ótillitsemi

Hjólandi maður öskraði á mig að ég væri búin að eiðleggja náttúruna. Hesturinn minn var mjög hræddur.

Ekki nógu vel merk sem reiðstígur mæti oft gangandi , hlaupandi og akandi fólki á teiðstígum

Lausir, hundar, fólk og hjól á reiðstígum, ofsahraði á hjólum fast við reiðstíg

Aðallega þar sem hjólastígur er nálægt og fólk fer um á vespum með tilheyrandi hávaða og hraða. Einnig óvænt læti í gangandi fólki. Svo veit maður ekkert hvað er að mæta manni hinum megin við göngin undir brýr.

Fara yfir bíla götur eða þar sem reiðleiðin verður erfið

Margir farin að ganga, hjóla og rafhjola á reiðvegum sem hefur búið til hættu. Svæðið úr fákssvæðinu á leið í rauðhólar er hættulegt og líka tengingin við ellivatn þar sem þarf að ríða á bílagötu, má ekki nota hjólastígin. Mikið umferð þar og maður er oft að teyma. Tímaspurns mál að það verður slys þar

Stórgrytishnullungar settir niður af eða fyrir þrábeidni Spretts í þeim ímyndaða tilgangi að hamla því að fólk aki inn á reiðstíga en skapar í raun mikla slyshættu fyrir ríðandi fólk.

Steypuklumpur með röri uppúr fyrir skilti (en ekkert skilti) á miðri reiðgötu

Hjólamenn og göngufólk virða ekki sérmerktar reiðleiðir

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Umferð bíla og hesta á aksturleiðum kringum hesthús getur stundum verið vafasöm það sem aksturhraða bíla er of mikill.

Reiðhjól og skokkarar koma í stórum hópum á sameiginlegum útivistarsvæðum og sýna enga tillitsemi.

mesta hættu er skapað þegar reiðmenn koma nálægt akgreinum þegar við þurfum að þvera eða jafnvel nota götuna þar sem reiðvegur vantar (við Helguvík)

Mætum hjólum og gangandi og jafnvel bílum á reiðleiðum sem er bannaðar öðrum en hestum

Akvegur í gegnum hesthúshverfið notaður af öikumönnum sem ekki eiga erindi inn í hverfið

Hestur fælist þegar krakkar kíkja yfir vegg í sameinlegum undirgöngum

Þegar reiðhjól þjóta í gegnum sameiginleg göng með þynnum veggjum á milli.

Krossarar sem komu á fullri ferð og sáu okkur of seint - oftast enn einusinni. Heufr alveg gerst á reiðleið og reiðleið sem eru ekki skýr merktar. Reiðleið sem á að vera á hlið við göngubraut enn göngubraut er ekki kominn - kona með barnavagn kom labbandi á reiðleið á blindhæð.

Gífurlegur aksturshraði á vegum í efrbyggðum í mosfellsbæ t.d. í kringum hafravatn hafa skapað hættu. Hált malbik niður frá Akraubraut og að Reykjum hefur valdið slysi á hestum. Aðkoma að stekkjaraflöt að ofanverðu sem og lítið bíl mill hjólastígs og reiðstígs við undirgöng eru varhugaverð.

Hjólreiðamenn koma einir eða í hóp á fullri ferð aftan að, þannig að hestur og knapi bregður þegar þeir nálgast. Golfkúlur sem lenda á reiðvegi, hef fengið golfkúlu í hjálminn á leið minni Blikastaðahringinn í Mosó. Börn og fólk sem eru að nýta reiðvegina sjálfa með því að hjóla, mótorkross, skellinöðrum vespum og fjórhjólum. - Sorglegt að sjá að Hestamannafélagið Hörður samþykkti stækkun á golfvelli og þar með olli því að einn besti, skemmtilegasti, fallegasti reiðvegurinn er illa nýttur vegna slyshættu. - Á Flugvallarhringurinn svokallaði var líka samþykkt að þvera reiðveginn á þremur köflum, einn þeirra er verstu þar sem við enda á grasvelli sem er nýttur til fótboltaæfingar fyrir börn og unglínga og til móts við strætó hafa aðilar safnað alls kyns gámum og dóti sem er illa frágengið og veldur miklum óróa í hestum og verður þeim brugðið og eiga til að rjúka af stað. - Að lokum má nefna að undirgöng yfir í Varmadal eru með trébrú og mætti laga það, þar sem margir eru hræddir við hávaðann, göngin. - Reiðvegur undir brúna hjá Leirvogstungu sem er mest notaður til að fara yfir í dalinn er farinn að mjókka verulega og þar er blindhorn, þar er ekki gott að mæta hestum eða fólk sem ákveður að nota reiðveginn sem hlaupaleið. - ÞAÐ SEM SKAPAR HESTAMÖNNUM MESTA HÆTTU Í DAG ER AÐ AÐRIR EN HESTAMENN ERU AÐ NÝTA REIÐVEGINA OG AÐ HAFU SETT GÖNGUSTÍGA NÁLÆGT REIÐVEGUM. - Hef ekki treyst mér að nýta reiðleiðina austanmegin við íþróttasvæðið við Varmá og Varmárskóli og þaðan upp í

Mikið um nálægt göngustíga þar sem ýmiskonar faratæki fara eftir svo sem háværar vespur og hraðskreið rafmagns hlaupahjól.

Risa gröfur á ferð alveg uppvið reiðleið

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Samnýta reiðleiðir með öðru sporti er stórhættulegt. Þvera vegi þar sem bílar aka. Hraði akandi t.d í hesthúsahverfum.

Vísa í svarið sem ég skrifaði áðan um fótboltavöllinn, snertilendingarvöllinn, golfvöllinn, svo þvera bílar frá bílastæði fótboltavallarins inn og út þar en auk þess eru alls konar drasl þar fyrir utan af einhverju drasli, tækjum og stórum bílum stundum sem mér skilst að eigi ekki að vera þar.

Mannvirki of nálægt reiðleið - börn að leik á grassvæði fyrir utan íbúðarhúsnæði þar sem reiðleið liggur, gleyma sér í leik og hlaupa í veg fyrir ríðandi umferð.

Við ákveðinn hluta einnar aðalreiðleiðarinnar hafa verktakar hreiðrað upp sig með alls kyns tæki og drasl og hefur svo verið í yfir eitt ár. Ekkert gengur að koma þeim burtu. Stundum eru þeir að athafna sig þarna t.d. með steypubíl. Vinkona mín lenti í að hestar hennar fældust og hún datt af. Hún ökklabrotnaði og hefur átt í því síðan. Margir eru órólegir þarna.

Trjágróður skyggir á sjónsvið

þarf að þvera þingvallavegin reglulega í mikilli umferð sem er stórhættulegt

Leið að reiðhöll fer yfir götu þar sem bílar keyra óþarflega hratt. Ekki nóg að hafa 30 km/h hámarkshraða, vantar hraðahindrun. Einnig er oft ekið of hratt við kerrustæði félagsins sem er við hliðina a reiðhöll. Það skapast oft hættulegar aðstæður, serstaklega fyrir börn eða folk með viðkvæm/lítið tamin hross.

Hross hafa fælst við hjólreiðar, hundar hafa verið lausir við reiðveg, bílar og hjól hafa farið framhjá á ofsahraða. Hross hafa fælst í myrkri og hasar illa útaf slæmum reiðvegi.

Leiksvæði, hjólastígar og önnur útivistarsvæði eru lagðar við hliðina á reiðstígum

Reiðleið um hafravatsveg liggur eftir veginum sjálfum frá reiðveg frá skarhólabraut áleiðis að reynisvatnsheiði, þar sem er bundið slitlag og 70 eða 80 km hámarkshraði. Gríðarlega hættulegur vegkafli og ekki einu sinni hægt að ríða á vegöxl, sem er engin. Sama á við inni í reykjahverfi þar sem reiðleið sameinast umferðargötum . Einnig vegspotti upp að Reykjalandi en þar er stuttur spotti sem þarf að ríða eftir veginum, þar er 50 km hámarkshraði.

Reiðleið út með Leirvogi á köflum óþægilega nærri reiðhjóra- og göngustíg sem var komin þarna löngu á undan reiðhjóra- og göngustígnum. Fólk með hunda þarna en yfirleitt í bandi. Hvinur í reiðhjólum getur verið varasamur og svo hafa menn fengið golfkúlar þjótandi yfir reiðveginn.

Við Leirvogstungu þar sen reiðleið var sett út á reiðveg og alveg blint horn.

Léleg lýsing í myrkri og hættulegt hraun á .vi svæði

Þar sem göngu/hjólaleið er lögð bak við mön inn á reiðveg, við hlið þess vegar á að leggja göngustíg seinna skv skipulagi. Göngustíg beint inn í undirgöng fyrir reiðveg. Of lítið bíl á milli stíga. Fótboltavöllur og flugvöllur við aðal reiðleiðina.

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Ég hef oft en einu sinni dottið af baki í mjög kröppum vinkilbeygjum þegar hestur sem ég hef misst stjórn á hefur farið á of mikilli ferð í slíkar beygjur. Einnig er hraunið í Hafnarfirði sem er uppvið allar aðalreiðleiðir okkar hættulegt en ég hef einnig lent í því að hestur hefur rokið út í hraunið og var það heppni að hvorugt okkar meiddist. Göngufólki í Hafnarfirði er beinlínis beint inn á og yfir helstu reiðleiðina okkar, en sá göngustígur endar við keppnisvöllinn og að sjálfsögðu stíkar fólk þar bara yfir völinn og áfram.

Göngustígurinn í gegnum Stórhöfðaskóg, kringum er tamningarhringurinn okkar, fólk kemur hjólandi út úr skóginum eða hlaupandi eða með krak-kaskara jafnvel, hrossin mín eru alltaf hrædd þegar það gerist. Bíð eftir slyss gerist. Svo er brekkan á leiðinni í kaldársel á sameiginlegum ak hesta og hjólavegi, nú þegar hefur kona lent í hryllilegu slysi þegar hún mætti hjólandi manneskjum þar, engar úrbætur hef tilkynnt þetta bæði. Einnig er varasamur vegurinn bakvið Hvaleyrarvatnið þar eru oft krossarar, fólk keyrir líka þar og allt saman, engin skylti sem segja þarna séu einnig hross og þarf að gæta varúðar, hestar og krossarar eiga enga samleið.

Gangandi fólk með lausa hunda, mótörhjól á fleygiferð, reiðhjól á fleygiferð

Mikil umferð bíla við inngang í Andvarahluta Sprettis. Mjög hættulegt ef eitthvað gerist til dæmis ef hestur rýkur heim og yfir götuna.

Á Grunnuvatnaleið sker hlaupa- og hjólastígur reiðleiðina, þar hef ég lent í að hlaupari með heyrnatæki fældi hestana sem ég og barnabarn sátum. Sem betur fer duttum við ekki af hestbaki.

Að mínu mati eru reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu ekki hættulegar. Auðvitað er nauðsinlegt að huga að því að halda reiðleiðum við en almennt held ég að þær séu nokkuð góðar. Fólk þarf bara að fara með gát og vera viðbúið þegar það kemur að reiðvegi sem gæti verið varasamur eins og til dæmis þegar reiðvegur liggur í gegnum blindbeyju að þá hæja á og vera með hestinn undir stjórn

Mætt skellihlöðrum á reiðvegi. Mætt reiðhjól á reiðvegi.

Grjót sem er á miðjum reiðleiðum í Spretti er stór hættulegt. Þverun reiðstíga og göngustíga á sama svæði er ekki nógu vel útfært, allavega virðist hjólafólkið alltaf villast inn á reiðvegina

Mikil umferð í gegnum hverfið og flest allt fólk sem er að stytta sér leið heim í gegnum hverfið og oft er það fólk sem virðir ekki hraðatakörk. Ég myndi vilja sjá hverfinu lokuðu þannig að akandi umferð komist bara eina leið inn í hverfið. Ég hef líka næstum því munað mjóu að hross fældist hjá mér í litla skóginum í spretti því það vorunkrakkar að renna sér þar og hesturinn hljóp á staurinn neðst í brekkunni en ég slapp sem betur fer

Reiðleið liggur of nærri hjólastígum

Rauðavatns hringurinn, þar eru krossarar, mótörhjól og fjór hjól á ferðinni og allir sem voru með þau tól skildu ekkert í því að það væri eitthvað athugavert við það. Fjór hjólið stoppaði þó út í kant á reiðveginum og drap á mótornum sem betur fer.

Reiðleið sem liggur yfir flóttamannaleiðina

Hjólaleið þverar reiðveg

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Göngumaður kom út úr skóginum óvænt - tré og annað skyggir á. Hestinum brá óskaplega og munaði engu að ég dytti af baki.

Það er sérstaklega á einum stað sem eru T-gatnamót, þar er mikill gróður á aðra hönd sem skyggir á hvað er að koma frá þeirri hönd.

Þar sem gróður byrgði sýn í beygju

Mikil notkun stórgrýti sem þrengir reiðleiðir, mörg skilti til að vísaleið og afmarka (Grunnuvötn), mikið af grjóti meðfram reiðleiðum og reiðstígum sem skapar mikla hættu. Þrengingar við ljós inná Rauðavatn geta skapa hættu og einnig hraðakstur.

Að fá hjólandi með blikkljós að kvöldi til og heyratól í eyrum, gangandi heilu fjölskylurnar með vagn og hund á göngu um reiðvegina.

við fótboltavöll þar sem margir fara inn og út af svæðinu

Þar sem staurar eru of nálægt beygjum sem getur valdið slyshættu ef fætur eða búnaður flækist í. Á t.d. við um staura á Sprettsvæðinu, bæði ljósastaura og aðrar merkingar. Átta mig á að það er erfitt að útfæra þetta vel þar sem það þurfa að vera merkingar við reiðleiðir.

Göngustígur í sörla sem endar á aðalreiðstíg félagsins sem gerir það að verkum að fólk labbar góðan spöl á reiðveginum til þess að komast á næsta göngustíg, þarna er mikill trjágróður og blindbeygjur.

Það er mikil útivist á mínu svæði og töluverð trjárækt við reiðleiðirnar, því mikilvæg klippa þar sem leiðir skarast.

Reiðleið við Breiðahvarf - Ögurhvarf Kvartaði við Kópavog um að það væri grjót á reiðleiðinni og runnið úr brekku þar

Á frekar þröngum reiðstíg milli íbúahverfis og ár kemur/ endar hjólastígur þvert á reiðstíginn. Skömmu síðar liggur reiðstígurinn undir brú þar sem ekki er nokkur leið að sjá hvort einhver er að koma hjólandi/ gangandi/ ríðandi á móti. Þegar Blikastaðahringur er ríðinn er hjólræðastígur sumsstaðar of nálægt reiðvegi. Blindhorn er undir mjög fjölfarin undirgöng við Brúarland og hjólræðamenn nota reiðstíginn frekar en gönguleið.

Hjól kemur á mikilli ferð af göngustíg sem liggur niður brekku í heiðinni og þverar reiðstíg, hjólið hoppar inn á reiðstíginn og þvert yfir og niður göngustíginn hinumegin, hefði auðveldlega getað orðið slys ef ég hefði ekki hægt á hestinum og beðið meðan hjólræðamaðurinn brunaði áfram eins og hann væri í tímatöku. Hef líka lent í mörgum ótillitlausum hlaupurum sem engan tíma meiga missa þó hestarnir tryllast af hræðslu við þá.....svo mætti laga timburgólf í brúnni við undirgöngin við Almannadal...

Td að leggja reiðveg við hliðina á flugvelli er stór hættulegt... ef að vél lendir á meðan maður ríður framhjá er voðinn vís.alveg sama hvort maður er á ungu hrossi eða gömlu og öruggu

Hjól - mótorhjól - bílar aka of hratt

Mætt eða fengið á eftir mér vélknúin tæki eða hjól á merktum reiðstígum. Mætt stórum lausum hundum, allt frá einum upp í þrjá sem hafa komið og gelt, urrað og farið aftur fyrir hestinn minn og reynt að bíta í hækilinn

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Mæta hangandi og hjólreyðafólki

Hjólástígar og göngustígar hafðir ofaní og við hlið reiðleiða

Það sem helst skapar hættu eru torfæruhjól og þess háttar í námunda við reiðvegi

Umferð reið og mótörhjóna, nálægð við bílaumferð, lélegar brýr við Elliðavatn.

Ljósleysi undir Elliðaárbrúnni og þverun akbrautar á leið að Rauðavatni Strætisvagnar fara þar oft mjög ógætilega

Geltandi hundar tvívegis valdið stórslysi FLUGELDAR allan veturinn meðan myrkur

Eins og ég sagði fyrir ofan. Alltof margir keyra of hratt við hliðin á reiðgötum sem oft fælir hestinn

Hjólreiðastígar/göngustígar þverar reiðstíg rétt hjá stóra skeiðvellingum. Fólk með kerrur, hunda og allskonar, hlaupahópar í gulum vestum á reiðstígum við Rauðavatn. Mótörhjól á reiðstígum í Rauðhólum o.s.frv.

Að fara yfir brú og fá hjólreiðamann eða hlaupara aftan undir sig eða beint á móti sér. Það sama þegar göngustígar þverar reiðleið man eftir einum stað sem útsýni er lítið og hlaupandi og hjólandi sjást ekki fyrir trjám

Við Guðmundarlund þar eru oft krossarar á ferð og virða ekki reiðvega

getur ekki hugsað um neina

Reimleikar þar sem stutt er heim fyrir hestinn fer yfir veg þar sem mikil umferð er.

Hjólástígar þverar reiðgötu - hestar fara yfir stiginn og hjólreiðamaður fer yfir stiginn á fullri ferð beint fyrir aftan hestana. Það fælir umsvifalaust - líka hesta með stáltaugar. Skilrúm í undirgöngum - hestar heyra allt í einu eitthvað þrusk en sjá ekki hvað það er - þá leggja þeir á flóttu. Merkingar ekki góðar (eða fólk fer ekki eftir þeim...) Þannig að hjólreiðafólk fer inná reiðstiga - þá koma djúp hjólafor í stigana og hestar oft smeikir við að fara yfir þessar rendur.

Göngustígar látinn enda á reiðvegi. Göngu og hjólafor fer þá inn á reiðveg og útreiðafólk mætir fólki með barnavagna, hjólandi og gangandi með hunda á sérmerktum reiðstíg.

Mikil umferð við Guðmundarlund ásamt miklum hávaða þaðan. Hjól og mótörhjól sem eru oft í eða á reiðleiðum.

þegar reiðstígar er alveg við byggð og háum bílum og kerrum er lagt samsíða stíg og þá geta hrossum brugðið ef eitthvað óvænt byrtist

Hjólreiðamenn komu út úr skógi á fullri ferð og yfir reiðveg

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Hjólastígar of nærri reiðleiðum.

Mikið blindhorn v trjáróðurs á reiðvegi til móts við umferðaljós við Norðlingaholt/Breiðholtsbraut (?)

Undirgöng undir mikla umferðagötu þar sem er “veggur” á milli reiðvegjar og gangandi/hjólandi, mjög vont að lenda í þröngum aðstæðum sem að undirgöngin eru auk umferðar fyrir ofan með áhættu “lenda” svo samferða í hjóli gegnum gönginn, aðeins hjóð en hesturinn sér ekkert, væri þægilegra að sjá hjólið heldur en að hafa vegginn, frekar handrið eða álíka

Reiðleið liggur yfir akveg inn/út úr götum í nýja hverfinu í Sprett. Lítið skyggni fyrir bílstjóra, sérstaklega þegar dimmt úti. Blint vegna gróðurs t.d. í Heiðmörk. Svo birtist allt í einu hjól/hlaupandi manneskja og hestinum (og knapa) bregður. Fjór hjól, buggy bílar og fleiri hávæx tæki sem fara auk þess hratt á sameiginlegum vegum í Heiðmörk. Hef líka mætt þeim á reiðvegum.

Reiðleiðin meðfram fótboltavellinum verður stórhættuleg á vorin þegar fótboltanámskeið byrja. Hef slept því að fara þar framhjá þar sem hrossin verða stressuð og hrædd

Golfkúlur fljúgandi hjá, reiðhjoamennog konur á fleygiferð

Reiðleið sem er að Hólmsá sem göngustígur þverar reiðleið. og við elliðaárnar. má setja stopp/hlið á göngustíga/hjólastóla.

- Léleg lýsing á reiðleið og hestur ungur og pínu óöruggur. Vespur (líklega bensín) frekar hávæxar á reiðleið sem lá semí samsíða gerði hestinn hræddan og átti ég fullt í fangi með að róa hann niður. Afleiðingin að restin af reiðtúrnum var hann frekar upp spenntur og hvumpinn.
- Við komu að undirgöngum (tvö undirgögn annað fyrir hestamenn á leið inn á Fákssvæðið og hitt út af Fákssvæðinu). Annar hestamaður kemur á stökki upp brekkuna og birtist skyldilega. Mínum hesti brá (17 vetra) hestur vinkonu (7 vetra) fældist og hún datt af baki.
- Heiðmerkursvæði við Elliðavatn. Langur tími þar sem þarf að ríða á vegi í umferð (ekki allir tillitssamir á malarvegi). Hross fékk mól sem spíttist undan dekkjum bíls í sig.
- hjólavegir á heiðmerkursvæði fá betra pláss en reiðleiðir sem skítur skökku við þar sem við erum með lifandi dýr með ósjálfráð viðbrögð en hjól geta verið í umferð.

Mæta reiðhjólafólki á reiðstíg sem að stoppa ekki einu sinni

Holur í reiðvegum

Umferð bíla, buggy bíla, hjóla, barnavagna, skokkhópa með ljós á enni, skólahópar, mótórhjól, rútur of fleira er um götuna okkar þar sem þessir hópar hafa þessa einu leið til að fara í Guðmundarlund. Gríðarlega mikil slyshætta og glannalegt aksturslag, þarf að þvera þennan akveg í hvert sinn sem ég fer til eða frá hesthúsin þar sem þetta er eina leiðin á reiðstíg. Barnaskemmtanir, brúðkaup, afmæli og aðrar uppákomur fara fram í fallegu svæði í Guðmundarlundi og því miður hefur ekkert verið gert í að beina umferð með öðrum hætti eins og kynnt var fyrir löngu á skipulagi þar sem akvegur átti að vera upp með Boðapingi í framhaldi af vegi sem var byrjað að leggja þar en ekki kláraður.

Þverun yfir akvegi ekki merkt og mikill hraði á ökutækjum sem að hluta liggja mjög nærri og samhliða reiðvegi

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

Þegar maður mætir gangandi eða hjólandi vegfarendum á reiðleiðum. Það mættu vera fleiri skilti til að ítreka að aðgangur þeirra sé bannaður.

Við enda þar sem íþróttasvæði er og það er búið að raða allskonar drasli þar

Reiðvegur þverar hjólaleið og of fá skilti sem sýna/gefa til kynna reiðveg

Undirgöng sameiginleg með hjólríða mönnum og öðru útvistarfólki. Bilvegsbutur til að komast frá Fakssvæði yfir bruna hjá Elliðavatni, blind beygjur og bílar á miklum hraða.

Þegar bílar, hjólandi eða fólk með lausa hunda eru á reiðvegum

Þegar mótorkrosshjól eða buggýbilar eru á sameiginlegum stígum (eða jafnvel að "villast" á reiðvegum) með öikumönnum sem sýna ekki þá tillitsemi að stoppa og drepa á tækinu á meðan riðið er framhjá - eða jafnvel blasta á þessum tækjum eftir götum í eða alveg við hestúsahverfið.

Lagfæring á vegum sem eru ekki tilkynnt. Hjól og hlauparar á fullri ferð. Hróður sem veldur því að fólk hleypur, hjólar og keyrir í veg fyrir hross

Hef misst hest í roku þegar racerhjól kemur á fullri ferð á hjólastíg sem er bara nokkrum metrum frá reiðstíg

Þverun hjólaslóða yfir reiðgötur í Hómsheiði er hrikalegt fyrirbæri. Hjólríðafólkið fær engan tíma til að hægja á sér, ekki frekar en við á hrossunum! Hef sjálf hjólað sumar leiðanna og þrátt fyrir að þekkja reiðgöturnar vel þá fær hjólarfólkið engan fyrirvara á sumum slóðum og eru bara allt í einu komin út á reiðgötu - ath þeirra sjónsvið er MUN þrengra en okkar á reiðstígnum :(

Í blind beygjum þarf maður alltaf að hafa varann á gangandi/hjólandi/vélknúin ökutæki og bara almennt á reiðsígnum við hraðbrautina

T.d nýji stígurinn kringum Rauðavatn hönnun tekur ekkert tillit til annarra útvistar, mikið af hættum...

Þær hættur sem ég hef lent í eru þess eðlis að vera tillidleis,ókurteisi eða þar þar sem fólk telur sig hafa einhvern séstakan rétt,og kunáttu leis áttar sig ekki á aðstæðum

Við norðlingaholt er trampólin sem er grafið niðri sem er trigger fyrir mína meri.

Þverun akbrauta, bæði við gatnamót og á beinum brautum

Grjót sem búið er að koma fyrir á hinum ýmsu stöðum sem skapa mikla hættu.

Hraðakstur í gegnum hverfið er slíkur að ekki er hægt að tryggja öryggi knapa og þarf að finna lausn á því sem allra fyrst. Ég legg til að annari leiðinni verði hreinlega lokað svo íbúar geti ekki stytt sér leið í gegn og hestamenn sem halda að hraðatakmarkanir eigi ekki við sig

Gatnamótin við Vífilstaðavatn varla hægt að ríða þá leið lengur. Viljum færa reiðleið upp í hlíðina suðvestan við vatnið af reiðleið okkar um Grunnuvötn og niður á Flóttamannaleið.

16. Lýstu aðstæðum þar sem þú hefur upplifað að útfærsla á reiðleið/ mannvirki skapaði hættu fyrir knapa

I have had motorcycles approach us while we were on the horse path. Boys going to and from their school on mopeds. ATVs using the horse paths and Heiðmörk for their pleasure disregarding the danger for horses. Bikers have approached going very fast with loud noises and disregarding the horses.

Aðallega gatnamótin við Vífilstaðavatn sem ég er að hugsa um núna, T-gatnamót, oft mikil umferð og gert ráð fyrir að knapar þveri veg ef þeir ætla þá leiðina.

Fjór hjól, mótör hjól og bílar.

Reiðstígur frá Andvara yfir Vífilstaðarveginn fyrir ofan Andvara, mikil hraði og bifreiðar sjá illa eða ekki hestaumferð sem kemur að sértaklega þegar komið er til baka að Andvara. Trjágróður skyggir á alla sýn.

Vélhúin ökutæki s.s krossarar ofl á flegiferð og birtast oft án fyrirvara sen skapar hættu

Hesti bregður þegar stór vinnuvél er að vinna

Þverun reiðleiðar yfir götu rétt við hesthúsahverfið, þar ekur strætó mjög hratt og útfærsla á hraðahindrun er hættuleg og ekki gerð með hesta í huga. Önnur útfærsla er þar sem reiðleiðin liggur niður að gatnamótum að vegslóða sem liggur að Kasthúsatjörn. Þett er kröpp beygja og engin sjáanleg örugg leið yfir götuna þar á milli reiðleiða.

Gönguleið endar inn á reiðstíg, umferð inn í skógi sem hestar ekki sjá og almenn umferð (bílar, hjól og gangandi) inn á reiðstígum, nálægð reiðleiðar við umferðargötu

Stórgrýti og holur. Girðingar og vírar í slæmu ástandi

Hjólstígur með engri hraðahindrun og fólk hægir ekki á. Þverun á veg og það er gangbraut með hraðahindrun sem sumir virða ekki og keyra allt of hratt framhjá

Þverun akvegs frá reiðleið að hesthúsi. Lítið um umferðaskilti og léleg lýsing. Gróður skyggir enn meira á blindbeygjur. Tillitleysi gangandi og hjólandi vegfarenda sem ganga/hjola á merktum reiðleiðum og sameiginlegum stígum

Reiðleið og blandaður stígur (hjól, gangandi, bílar fjór hjól, skellinöðrur og hestar) mætast þar sem er blindbeygja vegna gróðurs skapar mikla hættu og fólk oft með lausa hunda á svona leiðum. Hef dottið 2svar á svona stað og slasast illa.

Snertilendingafingar á flugvelli eða fótboltaæfingar/keppnir á fórboltavelli, fólk á bílum á reiðveginum

Það er alltaf mikil hætta á veiginum upp hjá Guðmundarlundi, því að bílarnir fara mjög hratt og það eru skilti á óþæginlegum stöðum.

Að fara yfir akveginn frá vífilstaðavatni að hesthúsahverfi er áhættusamt vegna þess að það er keyrt hratt og ökumenn sjá hestinn seinn



teikn: Bjarni Pálsson

19. Viðbótarskýring eða annað

Ég er hjartanlega sammála þessum lista. Allt ofantalið getur skapað hættu ef fólk tekur ekki tillit.

Mér finnast öll atriðin eiga við í raun og veru.

mín skoðun er að vespur/mótorhjól etc ættu að vera bönnuð á göngugötum við reiðleiðir þar sem ekki öllum er treystandi til að vera skynsöm.

Mikilvægt er að hefja vitundarvakningu á meðal hestamanna að fólk er mis öruggt og vera meðvitað um aðra sem eru á reiðleiðinni.

Er ekki mikið vör við vélsleða og fólk á bifhjólum alltaf mjög kurteist og tillitsamt þegar ég hef mætt þeim

Hef orðið fyrir slysi vegna mótorkrosshjóla á reiðstígum og flugelda sem skotið var upp á reiðleið

Mesta hættan með lausa hunda er ef þeir hlíða ekki innkalli og kunna ekki að umgangast hesta, elta jafnvel, gelta og þvælast undir fótum hestsins. Ekkert mál með vel þjálfaða hunda sem hlíða innkalli og kunna að haga sér.

Mer finnst mjög eðlilegt að deila útivistarsvæði með öðru útivistar fólki og ég hef upplifað mikinn skilning með hjólríða, hunda og hlaupafólki. En samtalið og skilningur á báða bóga er mikilvægur. Virðing kurteisi og samtal hefur virkað vel f mig. Ég heilsa alltaf og þakka fyrir. Stundum er ég á mikilli ferð og stundum er ég með viðkvæmt verkefni og öfugt.

hestur sem ekki þolir að sjá hund er EKKI reiðhestur.

Erfitt að forgangsraða, nánast allt á við nema ég hef aldrei séð fólk sem felur sig af tillitssemi við hesta. Sumt er algengara en annað td hjól og skokkarar en vélsleði er mjög hættulegur en ekki oft á ferðinni. Brúin milli Helluvatns og Elliðavatns er mjög erfið yfirferðar og bilvegurinn þar í kring. Hestar eiga umferðarétt eins og aðrir en oft ekki virt.

Reiðhjólafólk með ógnandi hegðun

Þetta er all mjög hættulegt

Vantar skilti sem bannar gangandi vegfarendum að nota reiðstíga sem göngustíga.

Ég hef mætt (ég á hestbaki) gangandi fólki á reiðleiðum sem að veit ekki eða þykist ekki vita að það er gangandi á reiðleiðum. Mér finnst vanta meiri kynningu á þeim hættum sem að geta skapast. Kannski vantar skilning frá þeim sem leggja göngustígana??? Og kannski líka kynningu frá hestamannafélögunum?

Lausir hundar hafa of skapað vandamál þar sem hross verður óöruggt og hrætt. Knappi þurft að taka hest niður á 50m.

Erfitt að ráða þessu í eina röð þar sem margt er jafn hættulegt

19. Viðbótarskýring eða annað

Þverun yfir reiðstíga, sem er einnig ætlað hjólandi vegfarendum hafa í raun valdið gifurlegri hættu og valdið því að hestamenn veigra sér að nýta reiðleiðir og ekki hafa verið hugað að þverun gatna á öruggan hátt. T.d. Reiðleið framhjá varmárvæðinu og upp í Teigahverfi og að skemmtilegri leið sem er/var mikið farin á sumrin upp að Hafravatni, en með byggingu í Reykjahverfi var ekki hugað að því að halda reiðleiðinni úr Mosfellsdal samfelldri hvað þá frá Hestamannafélaginu sjálfu.

Ég vildi geta sett allt vélknúið helst í fyrsta sæti, nema kannski almenna bíla, strætó getur verið varhugaverður þegar hann stoppar og hvísið kemur, það getur hrætt hesta.

Allur listinn er eitthvað sem er staðreynd í mínu umhverfi, mjög erfitt að raða

Lausir hundar eru ekki bara vandamál tengt gangandi fólki - eiginlega mun frekar tengt öðru hestafólki sem fer með hundana í hesthúsin og gætir ekki að þeim þar.

Knapar með fleiri en 3 hest til reiðar ættu ekki að vera leyfir á reiðstígum sama hvort um sé að ræða í nær eða fjær umhverfi. Ekkert pláss til só mæta öðrum og hafa litla stjórn. eru oft á fullri ferð og ráða ekki við neitt. Þessir knapar er mun hættulegri öðru knöpum en t.d gangandi eða hlaupandi fólk.

Það er erfitt að raða atriðum í 18 eftir hættustigi fyrir knapa. Til dæmis flugeldar ég held að allir hestar hræðist hávaða frá þeim. Hestar eru yfirleitt ekki hræddir við bíla, en mótorkjól og skellinöður eru ekki vinsæl og reiðhjól koma svo hljólega að þeim verður hvert við. Lausir hestar skapa hættu ef þeir koma á flóttu. Tillitslausir reiðmenn eru líka hættulegir, ef þeir ríða aftur undir fólk á viðkvæmum hestum eða til dæmis með óvön börn með sér.

Í mos eru allir reiðstígar notaðir af hjólandi gangandi hlaupandi og hundaeigendum

Algengasta hættan er þegar fólk ríður greitt aftan að manni en versta hættan er að mæta einhverjum í mótorkrosshjól

....Drónar fæla hesta

Mótorkrosshjólin verst af öllu.

Sama og ég skrifaði hér fyrir ofan

Of mikið af trúfandi allskyns umferð á og í kringum flestar annars frábæru reiðleiðir Fáks. Þessi umferð hefur aukist með hverju árinu.

Það er nokkuð flókið að flokka þetta eftir hættustigi því aðstæður eru mjög misjafnar. Við alla flokkana gildir að ef þú mætir tillitslausum einstaklingi - eða sem ekki kann að bregðast við - eða heyrir ekki (með í eyrunum) - þá er hættan alltaf meiri en ef einstalingurinn er tillitssamur og árvakur.

Þegar komið er á seinni ferðinni framan á mann eða aftan við mann og ekki hægt á og tekið tillit ... mjög algengt í Spretti

þeir sem teyma yfirleitt vinstra megin við sig í stað að hafa þá hægra megin.

19. Viðbótarskýring eða annað

Umgengni félagsmanna sjálfra á egin svæði - td lausir endar à heyrúllum, leggja kerrum þannig við hús að það þrengir að reiðleið

Reiðhjól skapa mjög mikla hættu og þeir taka almennt ekkert tillit til hesta

Gafst upp á að reyna að raða, sleppti að. 18 því farsímaviðmótið er alveg glatað... 17 slapp betur til því möguleikarnir voru ekki alveg jafn margir

Oftast er það fólk á mótorkross/háværum hjólum eða bílum sem koma of nálægt reiðleiðunum og fæla hestana. Svo lausir hundar sem skapa amk óþægindi og í einstaka tilvikum hlaupa að eða á eftir hrossunum.

Það verða alltaf annað útivistarfólk í kringum okkur, Mér finnst tillitsemi hjólafélks og mótorkross fólks almennt góð. Frekar að koma þeim skilaboðum til mótorkrossfólks að þeir eyðileggi reiðstíga, gera þá illa reiðfæra vegna grjóts sem þeir rífa upp.

Mikil hættu hefur hlotist af sviffflugdrekum við fjöruna þar sem vinsælasta reiðleiðin liggur meðfram bökkunum. Slyshafa orðið þar sem hestarnir hafa fælst þessa risaflugdreka.

Get ekki raðað (er að svara þessu í síma) þannig það er ekkert marktækt það sem þarf að raða

Öll vélarhjól með mikilli „inngjöf“ td krossarar, vélsleðar, vespur og mótorkjól hræða auðveldlega hesta.

Í mosó er miiiiiikið að fólki að sprengja eftir áramotin... gjörsamlega óþolandi

Mer finst þurfa að laga landsendaveiginn- mér finnst hann mjög hættulegur fyrir hesta og knapa.



teikn: Bjarni Pálsson

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Rauðavatn, og meðfram norðlingaholti

Mér finnst orðið mjög mikið áreiti bæði umferð og fólk á allskonar hjólum á reiðleið frá Rauðhólum yfir í Sprett og frá Víðidal yfir í Sprett - þetta er varla hægt lengur. Það er kaflinn sem maður þarf að fara í gegnum íbúðarhverfið og hitt útivistarsvæðið.

Rauðavatn lausir hundar sem hlaupa stjórnlausar í hestana. Rauðhólar Almannaðalsmegin hætta á að mæta alla kyns umferð og reiðstigur þröngur og tré öðru megi og bratt hinum megin

Hlaupafólk

Stíflan Víðidal - Mjööög mikil trafik af allskonar útivistafólki og bara fólki að fara í og úr vinnu. Skást ef veður er vont þá eru færri á ferðinni. Rauðavatn er oft heldur ekki spes staður að vera við. Fer orðið sjaldan þar vegna mikils fjölda af hjóla/göngu/hlaupa fólki. Skánaði aðeins þegar hluti reiðvegjar var aðskilin göngustígnum. En er þó partur sem allir nota saman sem liggur við suðurlandsveg og hringtorgið mjög þröngur og oft mikil hætta sem skapast þar og leiðist mér mjög að fara þá leið.

Leiðin að Elliðavatni, Hestafólk þarf að ríða á almennum reiðvegi, í bland við bíla, hjól og gangandi, hlaupandi vegfarendur.

Allir reiðvegir á góðviðrisdögum á vorin

Rauðavatn um helgar

Það fer eftir hvaða hrossi ég er á en ég forðast að fara grunnuötn og við guðmundarlund með lítið gerð hross

mikið af hjóla/mótorhjóra/vespu fólki við þessar reiðleiðir og hrossin mín eiga mjög erfitt við einbeitingu þegar þau eru hrekk. Eitt og eitt er í lagi en það er of mikið að mínu mati.

Rauðavatnshringur. Framkvæmdir, fólk með lausa hunda og malbik

Nit using the area in rush hour when many people sre riding out

Kringum elliðavatn og stundum Rauðavatn

Við rauðavatn er mikill umgangur og hef oft mætt lausum hundum með tauminn á eftir sér - einnig við elliðavatn er mikið að allskonar áreiti og mjög mikil umferð sérstaklega við brúnna þar sem fólk er oft að veiða. Oft er fólk þar sem veit lítið um hættuna sem þeir geta skapað með því að fara óvarlega kringum hesta

Er á lifandi skepnu sem getur brugðist misjafnlega við óvæntu áreiti

Það er orðinn mikill ágangur á reiðleiðir í kringum Reykjavík og leiðin að Elliðavatni er orðin mjög óörugg vegna ágangs og umferðar.

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Rauðavatn

Mikið um fólk á krossurum eða buggybilum á sumrin. Einnig er mikið um hjólafólk og göngufólk með hunda á reiðveginum.

Kringum Rauðavatn og hluta af Rauðhólum

Niður að stíflu - Mikil umferð af fólki við brúnna og orðið leiðinleg aðkoman.

Svæði í Heiðmörk þar sem gönguskíðafólk er fjölmennt. Stangveiðifólk á og við Elliðavatnsbrúna. Fjallareiðhjólafólk á eða nálægt reiðleiðum t.d. í nágrenni Rauðavatns.

Hundar með “laust” fólk!

Reiðhjólstígur alveg við hliðina á reiðstígum. Td. á leiðinni í Elliðaárdal og í Rauðhóla.

Er ekki hægt að forðast neitt því þá hreinlega þyrfti ég að sleppa að fara í reiðtúr. Fólk fer inn í hverfi og taka einn rúnt um allar reiðleiðirnar

Elliðavatn - vantar reiðvegsbut áður en komið er að brunni - stórhættuleg beygja þar sem bilar koma á fullri ferð. Mikil umferð bíla, hjólandi fólks. Tryppahringurinn og stóri völlurinn - atvinnumenn taka ekki tillit til annarra reið manna og geysast framhjá

Aðallega fólk á reiðhjólum sem brunar framhjá manni sem dregur ekkert úr hraða eða ber ekki tillit

Hesturinn minn bregður ef manneskja, hjól birtist skyndilega

Hjólreiðafólk og hlaupafólk sem getur ekki stoppað því það er að passa uppá púlsinn og æfinguna td. Einn sem fældi mig útaf reiðleiðinni á ungum hesti, heppin að vera þá ekki td í Sörla þar sem hraun er allt í kringum reiðleiðir. Hefði farið illa. Hann helt afram að skammast í mér þegar hann sá samt að hesturinn fældist. Eg atti ss að kenna hestinum mínum að mæta hjóli. Hestar eru flóttadýr.

Neðri hluti trippahrings í víðidal sem liggur við ána hefur oft valdið óróa hjá hrossum vegna hjólastígs sem liggur við hliðina og þverun yfir hjólastíg ásamt því að fara undir brúna á breiðholtsbraut. Mikil ógn. Eins að fara út að stíflu, brúin þar sem allir nota og hjólabraut við hliðina hefur skapað nokkur atvik hjá mínum hrossum

Hringinn í kringum vatni vegna 500m kafli þar sem við þurfum að vera á götu... við Helgavík

Ef ég skildi vera á viðkvæmum hesti eða lítið gerðum hesti þá myndi ég forðast að ríða þær leiðir sem gætu valdið hættu eða óöryggi

Mjög þægir stigar við reiðhóla og heiðmörk vegna aðallega reiðhjóla

Hjóla og göngustígar þvera reið götuna

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Það er orðið illmögulegt að fara um reiðleiðir kringum Fák. Áreiti allsstaðar. Reiðleiðin niður af stíflu, mjög mikið áreiti á og við brúna. Hjólastígur við reiðgötu ekki til bóta. Brúin við undigöngin austur úr Víðidalnum, þung, hávæxer mud hjól hafa td fælt hesta, undirgöng við Rauðavatn illa aðskilin frá hjóla- og gönguhluta gangnanna einkum m.t.t hjóða. Hávæxer umferð á Suðurlandsvegi. Hjólandi, gangandi og akandi umferð og lausir hundar við Rauðavatn. Til stendur að fjölga hjóla og göngustígum um Hólmsheiðina, svo þá er úti friðurinn þar. Brúin við utfallið úr Elliðavatni, allt og lág vörn til hliðar ef hestur stykki til hliðar þar td ef hlaupari kæmi aftan að og fram fyrir hest. Hef lent í því á neðri brúnni. Það er í raun löngu búið að eyðileggja Fákssvæðið og ég sé ekki hvernig jægt er að bæta það úr þessu. Við endum inni í reiðhöllum og gerðum. Ótrúlegt í þessu stóra, fámenna landi. Hefði þurft að tryggja umferð hesta fyrir löngu.

Get ekki sagt já af því að ég hef ekki farið allar leiðirnar

Það er svo mikið af bílum á einni líðanin og fólk að hlaupa

Rauðhólar og Elliðavatshringinn á ákveðum tímum

Hjólreiðafólk sýnir almennt tillitsleysi

Skógarhringur (eini hringur með ljós) á æfingarsvæði Sörla. Of mikið af reiðhjóla- og göngufólki sem eru á reiðhötunni. Bílar meðfram reiðgötu aka of hratt. Of margir knapar á mismunandi hraða á reiðgötunni á veturnar, enda eina reiðleiðin með ljósum

Mikið af lausum hundum sem hlýða ekki eigendum

Of mikil umferð af allskonar áreiti og tillitsleysi

Það eru tvær unglingar sem ég hef séð á motorktosshjólum sínum á sumarhúshring á reiðleiðum. Þegar við heyrum þá, aðlögum við reiðleiðina til að forðast þeim

Leiðin hringin í kringum Elliðavatn á vorin. Veiðimenn að sveifla veiðistöngum á og við brýrnar á keið inn að bænum Elliðavatni. Leiðin vestan við vatnið er illfær nema með mjög róleg hross vegna nálægðar við aðra umferð bíla/hjóla/ gangandi

Ungir og óvanir hestar geta hræðst stóra hjóla og hlaupahópa

Fer eftir árstíma. Sjá athugasemdir að ofan

Í gegnum gólfvöllinn við Blikastaði vegna gólfara sem sýna tillitleysi stoppa gólfbíla á reiðleiðinni eða skylja eftir golfkerrur á reiðleiðinni og sýna almennt tillitsleysi. Fer frekar Hólmsheiðina þó þar séu oft lausir hundar og hjól.

Gönguskiðafólk og fótboltamót á Tungubökkum og flugvélarnar á tungubakkaflugvelli- mjög óþæginnlegt

Í kringum Guðmundarlund

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Blikastaðahringurinn, allt út í golfurum sem slá hægri vinstri án tillit til hvort maður sé að koma á ríðandi hesti sem er flóttadýr, kerrurnar virka líka oft á hesta eins og barnavagnar sem einhverra hluta vegna hestar eru skít hræddir við. Einnig á veturna þegar snjór er yfir fara börn oft að renna sér í nærliggjandi brekkum sem liggja að reiðleiðinni með tilheyrandi gassagangi og hröðun á einhverju að hesti sem hann ekki þekkir.

Ef þær eru nálægt golfvöllum

Það er reiðleið í Mosfellsbænum sem er hliðiná mótorkrossabraut og hef ég oft lent í því að þeir keyra á reiðveginum og sýna enga tillitsemi gagnvart hrossinu né knapanum. Síðan fleiri reiðleiðir þar sem gangstétt er hliðiná og koma reiðhjól eða vespur á ofshraða hliðiná. Síðan eru lausir hundar mjög algengt. Vespur keyra líka afar oft á reiðvegi og hef ég misst hross af sökum þess. Þessar reiðleiðir forðast ég á ungu hrossum, sem er glatað þar sem þá er bara ein reiðleið til að ríða út á.

Fólk áttar sig ekki á að hestar geti hræðst það.

Ég e.t.v. ekki forðast tiltekna reiðleiðir - en ég vel réttu hestana til að fara þær.

Mikið af blind beygjum vegna gróðurs sem maður sér ekki aðra knapa og útivistarfólk

Maður velur reiðleið eftir því a hvaða hesti maður er a (hve mikið tamin og umhverfisvanin hann er) tekur inn hvaða dagur er , hvað klukkan er, veður og annað. Ferð t.d ekki á lítið umhverfisvönnum hest að Elliðavatni á ákveðnum dögum á ákveðnum tíma

Reiðhjól. Mótörhjól, skokkarar, lausir hundar

Í fyrra vetur var talsvert um að smábílar væru að þvælast upp Grunnuvatnaleiðina og líka hjólreiðamenn. Þetta varð til þess að ég veigraði mér heldur að fara hana, sérstaklega ef ég var með barnabörnin með mér. Þarna lenti ég líka í hlaupafólki sem heyrði ekki og sá ekki heldur. Vegurinn í kringum Elliðavatn er mjög vinsæl reiðleið. Það var lítið mál þótt bílar væru á ferð enda fáfarið, en þegar hlaupahópar voru farnir að mæta þar reglulega, hætti ég að fara hana nema á virkum dögum, þegar ekki var von á hlaupurum.

Ef fórboltaleikir eru á vellinum á flugvallahringnum

Nýja reiðleiðin í Spretti út af hjólafólki og hlaupurum

Ég fer aldrei nálægt elliðavatninu því þar er mikil umferð hjóla

Þar sem reiðleiðir og hjólastígar liggja nálægt. T.d. á leið upp í Rauðhóla og niður í Elliðaárdal.

Rauðavatnið fer ég ekki ein vegna hávaðasamra mótorknapa, þeir eru annað hvort ekkert að spá í að hestar séu á svæðinu eða er alveg sama.

Líkur á reiðhjólum á reiðastíg

Reiðleið yfir flóttamannaleið þar sem bílar stöðva ekki til að hægt sé að ríða yfir veginn. Þarf að gera undirgöng.

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Nenni ekki á fá skítkast frá fólki sem telur að hestar eigi ekki að vera á fjölnota stígum

Allar leiðir utan tveggja hringja

Er meðhest sem fælist við hávaða og læti

Meðfram Elliðavatni á ákveðnum tímum t.d um helgar og á vorin. Vegna mikillar umferðar annars útivistahópa t.d hjóla, mótorkjóra.

Til dæmis vegi fyrir ofan Guðmundarlund í Kópavogi. Þar hef ég oft mætt mótorkrosshjólum, Ég hef bæði hætt við að fara þá leið og eins snúið við og komið mér heim aðra leið þegar ég heyrði í krossara sem var kominn inn á svæðið þegar ég var á heimileið. Ég hef líka mætt feðgum sem voru að búa sig undir að keyra af stað rétt fyrir ofan Guðmundarlund, útskýrði fyrir þeim að þetta væri útreiðarsvæði og að þeir gætu skapað mikla hættu fyrir óvana og börn á útreiðum en þeir fóru samt af stað á hjólunum.

Mér langar að hestinum mínum líði sem best

Mótorkrossbílar og mótorkjól

Forðast golfvelli því þar er tillitssemin að minnka. Eins forðast ég reiðleiðir þar sem hjólastígar eru of nálægt reiðleið (nánast hlið við hlið) Sameiginlegir útivistarstígar, færð krossara eða t.d reiðhjól óvænt

Fer eftir hestum hvort ég treysti þeim vissar leiðir eða ekki, ef þeir eru lítið taldir og viðkvæmir, reyni ég að velja leiðir með sem minnstu áreiti frá öðrum. En á þokkalega tömdum hestum fer ég alla þá reiðstíga sem mig langar

Mótorkjól og buggy bílar hafa farið á reiðstígana

Aukinn ágangur hjóreiðamanna á reiðstígum, ákveðnir stígar þekktir fyrir mótorkross kjól

Víða í Heiðmörk einkum þegar vorar og fjöldi fólks eykst

Minni líkur að ég dett af baki

Golfvellir of nálægt reiðleið um og stundum ekki tekið tillit. Flugvöllur einnig við reiðleið þar sem oft verið að æfa flugtak og landingu en það venst en tekur samt tíma fyrir suma hesta.

kannski einna hest stóri hringurinn í Heiðmörk, þar sem áður var lítil sem engin umferð, en nú talsverð bílaumferð um helgar. Einnig eins og áður hefur verið minnst á þung bílaumferð á sömu leið og hestar og knapar verða að fara frá enda reiðgötu frá Bugðu að gerðinu við Elliðavatn.

Mótorkrossarar í Rauðhólum. Þurftum að stoppa og bíða eftir að þeir færu framhjá og svo til baka. Þorðum ekki að klára okkar stóra hring og snerum við.

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Reyni að velja leiðir eftir því hvar má reikna með minnstu traffík. Sérstaklega á ungum hrossum

Oft mikil umferð af fólki á hjólum gangandi hlaupandi eins og að fara kringum Elliðaavatn

Fólk með lausa hunda, vespur, krossarar

T.d. að fara inn í Heiðmörk (sem hestafólk lagði grunn að sem útivistarsvæði...) - því að aðkoman í Heiðmörkina er eftir bílvegi og því fáránlega hættuleg. Nú er Elliðaárdalurinn fullur af reiðhjóla- og göngustígum - sem er jákvætt - en ef við skoðum málið betur þá vitum við að fyrir nokkrum árum var einungis umferð hesta um dalinn. Það er alveg skemmtilegt að hleypa öðrum útivistarhópum að - EN EKKI í lagi að hestarnir þurfi að víkja. Til að byrja með var bæði hjóla/göngustígur og reiðstígur. Reiðstígurinn í dalnum var svo malbikaður fyrir nokkrum árum! Þessi leið hefur verið notuð af hestafólki í gegnum aldirnar og löngu áður en að fólki datt í hug að hlaupa og hvað þá að fullorðið fólk færi út að hjóla. Furðulegt að hestarnir hafi ekki fengið að halda sínu plássi þó aðrir útivistarhópar hafi bættust við. Þessa stefnu og hugsun þarf að laga í samfélaginu. Það á ekki alltaf að láta hestana víkja - og sérstaklega ekki þegar komið er inná þeirra svæði.

Heiðmörk og nágrenni

t.d reiðhjól sem koma á mikilli ferð og hlaupandi fólk

Mótorhjól

Hjólástígar liggja nærri reiðstígum og það er á mjög mörgum stöðum.

Fer eftir hestinum sem ég er á, ef hann er viðkvæmur eða litið gerður er ég ekki að fara með hann þangað sem er mikið af áhættum. Líka þegar maður veit að það er eitthvað í gangi eitthvað hlaup, skemmtun eða annað þá forðast ég það

Sérstaklega fjórhjól, vélsleðar og önnur hávær tæki sem fara hratt. Oft með hjálm svo þeir heyra heldur ekki og eru ekkert að þæla í umhverfinu. Ef þeir stoppa á annað borð er það yfirleitt seint, þegar þeir eru komnir mjög nálægt.

Einnig þar sem gróður er mikill og erfitt að sjá t.d. þegar reiðhjól eða hlaupandi koma skyndilega í ljós.

Annars finnst mér gangandi, hlaupandi og hjólandi fólk yfirleitt tillitsamt og ekki skapa vandræði almennt, nema þegar birtast snögglega eins og lýst áður. Yfirleitt finnst mér bílar líka tiltsamir, t.d. á sameiginlegum götum upp í Heiðmörk eða þar sem bílagata liggur nálægt reiðvegum.

eins og ég nefndi áðan þá forðast ég reiðleiðina meðfram fótboltavellinum þegar námskeiðin eru þar. Eins er maður oft óruggur með að fara í Varmadalinn þegar veiðimenn eru komnir í ána og ég fer helst ekki að Hafravatni þar sem eru reglulega fjórhjólalápar, svifflug, mótorhjól, lausir hundar og allt annað mögulegt og ómögulegt

Hólmsheiði, reiðhjól og hlaupafólk

Hólmsheiði - á vorin mótorkrosshjól

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

- Rauðavatnshringur. Mikil umferð orðin (enda falleg náttúruperla). Fólk keyrir frekar glannalega á malbikuðum kafla hans. Mikið af fólki sem sleppir hundum sínum lausum. Hjólreiðafólk stundum ótillitsamt. Þetta á sérstaklega við kaflann norðanmegin við vatnið og líka þar sem einungis er reiðvegur sunnanmegin áður en maður kemur að undirgöngum. Vantar líka lýsingu. Ríð ekki þessa leið yfir háveturinn (sé illa sem veitir mér óöryggi) og forðast hann um helgar á vorin vegna mikils áreitiss annarra sbr. hér að framan.

- Litli tryppahringurinn er orðinn svo umferðapungur frá 15:00-18:00 að ég ríð ekki þá leið vegna áreitiss (meðfram veginum og hávaði í og við undirgöng). Er með ungan hest í nýju umhverfi.

Flestir stígar í Heiðmörk t.d. Elliðavatnshringur o.fl.

Hestur hefur rokið þegar við mættum hjólamanni sem stoppaði ekki á reiðstíg

Engar. Ég fagna útivistarhópunum, þetta er í raun góð umhverfisþjálfun fyrir hestana. Nánast allir eru mjög tillitssamir. En maður skammast sín stundum fyrri reiðmennina sem rífast og skammast í kurteisu útivistarfólki.

Í Heiðmörk eru merktar reiðleiðir þar sem oft er fólk með lausa hunda sem láta ekki alltaf af stjórn. Gönguleið er þar skammt frá sem mætti vera betur merkt

Mikil nálægð við byggingasvæði, mikil um ferð fólks, bílum lagt á og við reiðveginn, svifdrekaíðkenndur

Við varmárskola og uppað teigum þar sem hoppudína er

Krossarar/fjorhjól/fólk /reiðhjól a reiðstígum, bílar stundum líka

Rauðavatn. Fólk á gangi, hlaupum. Bílaumferð. Framkvæmdir. Skörun við aðra útivist

Fólk tekur ekki tillit til hestamanna

Niður að Elliðaárstíflu v mikillar umferðar illa upplýsts hjólreiðafólks yfir brúna hef fengið hjól aftan í og mjög nálægt viðkvæmum hesti sem er óskemmtileg reynsla

*Rauðhólarnir eru erfiðir í góðu veðri í jóla og páskafríum vegna mikillar umferðar gangandi og það er alveg ótrúlegt hvað dróna-flugmenn geta verið tillitslausir þar. *Starfsfólk einnar hestaleigunnar í Fjörborg ríður ógætilega um svæðið stundum til að styttu sér leiðir og vera á undan stærri hópum og ég forðast það. *Þegar hjólarar fara á stjá á sumrin eru ákveðin svæði í Hólmsheiði mjög varasöm.

Það er ekki æskilegt að fara niðrá stíflu eða uppí sprett vegna framkvæmda og fólks. Einnig fólk á flandri hjá rauðhólum og rauðavatni(á reiðstígunum)

Grunnuvatnaleið vegna ágangs reiðhjóla, crossara og göngufólks

atvr folk og idiots on bikes during the weekends....

23. Ef já – getur þú nefnt dæmi og hvers vegna

Margar reiðleiðirnar eru of nálægt framkvæmdum

Við Elliðavatn, Rauðhólamegin

meðfram Elliðavatni

Flestar reiðleiðir eru þannig, best að fara í reiðhöllina sem er miður á góðum dögum.

Sameiginlegur vegur fyrir alla umferð forðast ég á sumrin þar sem fólk er mis tillitssamt. Krossarar og hjólaþólk hræðir hesta serstaklega vegna m.a hjálma. Þó svo að þeir stigi til hliða þá er oft nóg að fólk sé með stóra hjálma að það hræði hestana

Uppland Hafnarfjarðar. Dónalegt og skilningsleysi fólk á hjólum og með lausa hunda. Eða á krossinum án hljóðkúts

Það er hrikalega mikið áreiti við fallega reiðleið í mosó: golfvöllur, göngu/hjólastígur sem liggur alveg meðfram reiðveginum og fólk spæmir framhjá á rafskutlum og vespum

vegna þess að mér þykir það góð ákvörðun.

á sumum svæðum eru oft mikið af lausum hundum eða fólk sem kemur á krossurum á reiðstíg

Vegir í nágrenni Guðmundarlundur notaðir af buggy bílum ofl. Veldur spennu í mínum hestum.

Knapar sem ríða hratt aftan að ungum hestum



teikn: Bjarni Pálsson

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Hröð bílaumferð frá Elliðavatni. Motorkrossarar

Kom mótörhjól á reiðstíg á móti okkur - sem er í kringum Rauðavatn! Ég fór strax af baki og hann hægði á sér en stoppaði ekki! Hef líka teymt yfir brúnna frá Rauðhólum yfir í Sprett!

Að mæta krossara sem slær ekki af. Að mæta hlaupara sem hægir ekki niður eða fá hlaupara/reiðhjól aftur undir hest. O.s.frv.....

Fela sig í trjáranna með hund meðferðis

Mætti einu sinni tveimur mönnum á harley davidson mótörhjól þegar ég kom að undirgöngum undir breiðholtsbraut nærri ögurhvarfi. varð mjög reið þá og las pistilinn en fékk engin svör til baka,

Var á sama stað nema komin undan brúnni og þá kemur aðili yfir gömlu göngubrúnna á vespu og ætlar að bruna á henni yfir hana og niður halla í átt að mér án þess að teyma hjólið og hann skransar svo þegar ég veifa að honum og hann dettur á hliðina á hjólinu og rennur á stettinni. Hvorugt okkar slasaðist. Hryssan mín 5 vetra brást bara vel við miðað við aðstæður og spenntist smá upp en ekkert meira. Datt einu sinni af baki hinu megin við þröngu brúnna við fylkisvöll þegar 2 reiðhjól komu á fullu gasi niður göngustíg úr breiðholti og þeir skrönsuðu mjög nálægt mér. Ég var á leið heim en hryssa sem ég var á snarstoppaði og snéri við í stungum á harða stökki og ég flaug af. Var með hjálm en rotaðist samt sem áður. Margir krossara hittingar við rauðavatn oft td. Er svo sem með margar sögur en læt þetta duga

Þegar annar reiðmaður kemur á stökki í bakið á manni og æðir framúr. Algjört tillitleysi.

Lausir hundar t.d með öðrum knöpum

Lausahundur lá við reiðstigin og reyndi að bíta í hækla hestsins sem ég var á

Hef mætt hjólreiðahópum á reiðleiðinni t.d. á Hólmsheiði. Þetta hefur þó lagast síðustu tvö árin eða svo. Hef mætt fólki með barnavagna og mjög mörgum hjólandi. Sem betur fer er fólk farið að taka meira tillit en áður og áttar sig betur á aststæðum. Þetta er engu að síður mjög hættulegt og óþægilegt vægast sagt að eiga alltaf á hættu að mæta öðrum vegfarendum en á hestum.

Mættum krossara og hross tengdamömmu minnar rauk svakalega með hana

Bill hefur gefið í fyrir aftan mig á merktri reiðleið á milli elliðarásbrú og hesthúsahverfi þar að leiti fældi hrossið mitt og ég fór næstum aftur fyrir mig. hrossið hrekkti illa og maðurinn sá það og gaf meira í til að taka fram úr. þegar að ég náði svo sem stjórn þá stoppaði ég manninn og öskraði á hann vegna hræðslu og vanvirðingu

Lausir hundar. Keyrt á mikilli ferð. Gangandi og hjólandi umferð með og án hunda á reiðstíg. Mótorkross hjól

Stopped many people walking, biking, scooter on trippihring - most cases people say it's their right to use the riding path (without acting in respect to horses). Fireworks especially in Norðlingaholt many days in Dec/Jan

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Hjólandi/hlaupandi fólk á trippahringum, trippi rauk; hundur kom að afturlöppunar hestsins, eigandinn var hvergi sjáanleg; mótörhjól á reiðleiðum

Veiðimenn að sveifla veiðistöngum við reiðveg, aðrir knapar riðið utan í mig og þar af fælt undan mér, Hjól á reiðstígum

Mæta mótorkross fólki sem tekur ekki tillit

Hestamenn sem hægja ekki á sér þegar þeir mæta öðrum knöpum og eru oft með nokkra til reiðar skapa mikla hættu fyrir óörugga knapa og óreynda hesta. Laus hundur hljóp undir hestinn minn sem er ekki vanur hundum.

Fólk með í eyrum og tekur ekkert eftir umhverfinu-gargandi krakkar á rafmagns hjólum -tilitslausir reiðmenn-fólk sem er með hunda lausa og hafa enga stjórn á þeim oft lent í að hundar bíta í hæla

Hlaupandi fólk á reiðstígum. Mótorkrossakstur á reiðstígum. Hjólandi fólk á reiðstígum.

Höfuðljós, komið hratt að á hjóli/hlaupahjóli, læti frá vespum og krossurum. Fólk að kasta snjó á reiðleið af brú.

Mótorkrosshjólafólk á oft leið um Almannadalsveginn á leið sinni upp á Hellisheiði/Bolaöldu og þau læti hræða jafnvel rólegustu hross.

Reiðleiðin gegnum skóginn fyrir ofan Rauðavatn(nýja leiðin). Þar etu nokkur blind horn, hef mætt bæði fjórhjólum og mótothjólum (krossurum) á þeirri leið sem betur fer ekki ennþá fengið þau í rassinn en á alveg von á því einhvern daginn.

Þegar fólk fer framhá manni á fleygi stökki og þælir ekkert í neinum öðrum en sjálfum sér. Þá gætu hestar annarra rokið með, hef lent í því og séð það gerast

Hlaupafólk sem hleypur á móti hestum með tónlist í eyrunum og stoppar ekki, jafnvel þó svo hesturinn fælist

Það voru ungir strákar á krossurum að keyra í kring um hesthúsahverfið á fullri ferð. Einnig er fólk á hestbaki oft ekki tillitsamt og er að hleypa hestum framúr fólki á fullri ferð. Hef einnig lent í því að vera á beinum vegi og það kemur stelpa á móti mér á fullri ferð, snýr við á punktinum hliðin á mér og leggur hestin á skeið í áttina að hesthúsunum. Hesturinn minn hélt auðvitað að hinn væri bara að rjúka og ætlaði nú bara með honum.

Hjóla með í eyrunum á reiðstígum og taka ekkert tillit

Mætti hundi og eigandinn var laus og galti “ hvað er þetta maður hesturinn getur ekki verið hræddur við þennan litla hund”

Tillitsleysi annara knapa

Riðið hratt aftaní hest ekki hægt á.

Notkun mótörhjóls við Rauðavatn

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Fer mikið eftir deginum mínum og fólkinu sem gerir þetta. Sumir hafa hreinlega hlegið af þeim fyrir að skamma þau þá eiginlega frýs ég bara eða þau hjóla/ labba í burtu. Ef þau vissu það ekki skil ég það og segja þeim ekki að gera þetta aftur. En oft er fólkið að fara það hratt á hjólum og/eða tókust í eyrunum og heyrir ekki.

Fólk sem fer yfir göngubrú við hlið á Breiðholts brú og tekur ekki tillit. Stór hættulegt að fá fólk á hophjól aftan á hestinn á mikilli ferð.

Atvinnumenn í hestamennsku þeysast í gegnum undirgöngin - hægja ekki á sér þegar þeir mæta öðrum reiðmönnum. Hjólreiðamenn - í sameiginlegum undirgöngum, þar sem göngustígar/hjólástígar þvera reiðstíga.

Þegar ég og vinkona mín virum í reiðtúr og það kim maður á hjóli beint aftan í okkur og báðir hestarnir ruku af stað og hann hélt bara áfram og horfðu á okkur

Oftast er þetta fólk sem hugsar ekki, egóið að drepa það, hef oft þurft að benta fólki að að virða okkur hesta fólkið alveg eins og við virðum það

Gerði það annars staðar í könnuninni

Ríðið hratt og komið hart aftan að öðru hrossi á hægum gangi (sem getur verið óóruggur knapi eða óóruggur hestur og þarf að fara hægt). Hestur túlkar það að það se eitthvað sem þurfi að flýja undan.

Skilningsleysi annara og hroki er slæmt. Upplifi það sem betur fer sjaldan. Flestir vilja deila sameiginlegu útivistarsvæði og kurteisi er mikilvægt fræ í gott samstarf.

Mótorknúði hjól eða tæki sem er gefið inn þegar það nalgadt hest og ef einhver ræður ekki við hest og hann rýkur getur það skapað mikla hættu

hjolandi sem stoppa ekki

Bíll sem ók á yfir 70km hraða með ónýtt púströr og flautandi við reiðveg þegar ég var á viðkvæmu hrossi.

börn í feluleik í runnum við reiðveg, en börn eru börn.

Skokkari ryðst fram fyrir hest á þröngri brú við Fákssvæðið. Krossarar æða um og erfitt að sjá hvort þeir muni stoppa, birtast skyndilega eða æða að manni. Upplifað allt þetta. Lausir hestar sem knapi hefur misst (mögulega vegna áreitiss) nokkuð oft upplifað, stór hundur komið æðandi að hesti, geltandi og illúðlegur, traustir hestar björguðu. Fólk með barnavagna og hóp af lausum smáhundum við undirgöngin út af Fákssvæðinu, tókst á róa hestinn, vélsleði á reiðgötumni við undirgöngin við Fák, lá nærri að hestur fældist, tókst á róa hann, veiðimenn að sveifla flugiveiðistöngum við brúna við utfallið við Elliðavatn og bruna við Helluvatn. Teymt yfir.

Mjög vont að mæta hlaupandi fólki á reiðstígum og eins hjólreiðafólki þegar maður er að ungum og óreyndum hestum, þótt fólk stoppi stundum fyrir manni þa er hesturinn oft mjög hræddur.

Reiðhjól og motorhjól á reiðstígum

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Ég hef beðið reiðhjólafólk að stoppa eða að hægja á sér en þá fer það að öskra ókvæðisorð að mér

Hjólafól með hunda í bandi á reiðstíg við rauðavatn. Voru á æfingu og komu á móti okkur. Þau náðu ekki að stoppa hundana sem voru bundnir í hjólin með löngu bandi. Hundarnir hlupu að hestunum. Ég stöðvaði og útskýrði hættuna. Ég mæti þeim svo aftur þar sem farið er undir götuna til baka upp í hverfi þannig fólkið tekur ekki tillit og heldur sínum æfingum áfram á reiðstíg með enga stjórn á aðstæðum.

Ég varð mjög óörugg vegna nálægðar vespu við reiðleiðina, hesturinn finnur það. Einnig finnst mér vant hestafólk ekki taka nógu vel tillit til óvanra með því að ríða of hratt að manni hvort sem er fyrir framan eða aftan.

Það er eiginlega bara allt sem hefur verið nefnt að ofan

Fólk falin á bakvið runnu við reiðstíginn. Krakkar á vespum á reiðstígum, hjólalandi og skokkandi fólk á reiðvegum

T.d hjólreiða fólk þar sem farið er yfir brúnnu við Elliðavatn.

Svaraði með því atferli sem ég sýni allra jafnan, það kemur þó fyrir að ég vindi mér að mönnum og lesi þeim pistilinn, reyni þó að sýna kurteisi, slík tilsögn heyrir þó til undantekninga en beiti meti ég þörf brýna. Einkum ef fólk er með óviðunandi hegðum inn í kjanasvæði hverfanna en þar ná helst búast við að menn séu á ótömdu.

Ég hef brugðist við með reiði vegna hræðslu en ég hugsaði ekki út í það fyrr en síðar.

Fyrir utan reiðhjóla- og göngufólk á reiðstígum þá helst tillitsleysi annara kbapa, sem hægja ekki á sér, koma hratt aftan að manni.

Hjólalandi fólk á sérmerktum reiðstíg þar sem er skilti við inngang sem banna hjól og gangandi

Göngufólk sleppir hundum og þeir koma nánast óvæt upp að hrossinu sem í kjölfarið tók hræðsluroku útaf reiðvegi sem skapaði mjög mikla hættu fyrir knapa þar sem mikið af holtagrjóti var á svæðinu. Í þetta skipti endaði þetta vel á þess þó að eigendur hundanna báðust afsökunar á hegðun þeirra.

Hef lent í öllu sem er tekið fram í þessari könnun.

tillitsleysi annara reiðmanna sem koma í fulltri ferð á bak eða á móti manni, sýna engin tillitssemi og virðast halda því fram að það sé reiðmanninn að kenna ef hestar annara ráða illa við áreitni frá þeim

Nýjast dæmið er að það rauk hross hjá mér af stað því skokkari birtist allt í einu inn á reiðveginum fyrir aftan okkur og hljóp áfram fyrir aftan okkur (hrossið var slakt og á feti áður en skokkarinn birtist). Allur sá hraði bíla í gegnum Sprettshverfið.

Mæta reiðhjólamanni, mæta krossara, mæta göngufólki, og það á merktum reiðleiðum, mjög illa útfærðar göngu og hjólaleiðir í kring um Sörla og einfalt að villast inn á merktar reiðleiðir

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Læti í sameiginlegum undirgöngum

Lausir hundar sem hlaupa yfir reiðvegi eða fyrir horn í hesthúshverfinu

krossara sem kom á reiðleið og ég var með krakka í reiðtúr - hestarnir voru mjög hræddir enn krossarinn stoppaði svo og beið og ég talaði við hann (kurteislega) og sagði hvað þetta getur skapað miklu hættu

1. Tillitsleysi annara knapa, leggja á skeið fyrir aftan mann eða til móts við mann. 2. Knapi (yfirleitt atvinnumaður) gefur sér ekki tíma til að fara rólega framúr og kemur á fullri ferð aftan að öðrum. 3. mótórcross hjól (vélhjól) og rafskútur á göngustígum og reiðstígum, eða þvera reiðstígana á fullri ferð. 4. Tíumanna hópur reiðhjólamanna sem horfa allar niður á reiðhjólilið á ofsahraða á þröngum reiðstíga setti mig í lífshættu. 5. Bifreið sem tók framúr mér að sameiginlegum malarvegi, þar sem ökumaður tók fram úr og fældi hest með því að valda mér beinbrotum. 6. Var með einn til reiðar og mætti öðrum með 2 til reiðar undir brúnni sem þverar Vesturlandsveginn við Leirvogstungu (fossinn) þar munaði minnstu að mjög illa færi, þar sem ekki sést fyrir hornið. 6. 7. Golfarar sem slá golfkúlum á meðan hestar fara fram hjá og ekki síst þeir sem eiga það til að slá út á reiðveginn. Hef lent í að hestar rjúki og veigra mér því að fara Blikastaðahringinn á þeim tíma sem golfarar eru á svæðinu. - Fólk að hlaupa, ganga, með hund, barnavagna sem stoppa, eru ekki vandamál, því þetta fólk er yfirleitt hægt að ná sambandi við. Það eru unglingar og börn sem líta bara ekki í kringum sig né spá í umhverfið sem eru komin á hin ýmsu tól og tæki sem eru að valda mikilli hættu.

Fólk fer mjög hratt framhjá og er í rassgatinu a manni

Ef fólk hefur misst hest í roku og ég verð vör við að hann komi á æðisgenginni ferð og viðkomandi getur augljóslega ekki stoppað hef snýið hestinum þá í þá átt þannig að sá hestur komi ekki aftan að mér og fæli þá undan mér.

Mótorkrosshjól á reiðstígum í heiðmörk

Bílar gefið í á eftir mér, golfspilarar skotið kúlum nálægt mér, skokkarar hlaupið aftan að tryppi ... o.fl

Hef oft lent í því að krakkar á vespum koma brunandi niður reiðveg og sýna enga tillitsemi nema þegar það er orðið of seint. Hef líka lent í því að fólk eru úti að labba með hunda og hafa enga stjórn á dýrinu sem veldur miklari hræðslu hjá hrossinu, og auðvitað hundinum sjálfum.

Tillitsleysi ökumanna og mótorkross hjólamanna

Hef margsinnis mætt mótorkrosshjólamönnum sem bæði sýna ókurteisi og jafnvel ögrun en einnig kurteisi og tillitssemi. Bendi mönnum á að þeir eigi ekki að vera á reiðvegnum sé um slíkt að ræða.

mættum vélhjólum á reiðvegi. þau stoppuðu og við riðum framhjá. vorum barahrétt komin framgjá þegar þeir störtuðu og gáfu allt í botn.

Ég hef ekki einungis bent fólk á að viðkomandi reiðleið sé ekki ætluð öðrum en riðandi (eins og ég merkti við að framan) heldur einnig farið af baki þegar mér finnst hættan mjög mikil. Þá hef ég einnig leitt slíkt hjá mér því að það er ekki hægt að taka slaginn í hvert einasta sinn.

Aðrir knapar ríða hratt framhjá

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

1. Þegar ég kom að því að hjólreiðamaður vildi ekki hægja á sér og taks tillit til óreyndra knapa. Þrátt fyrir að hafa verið beðin um það. Þetta var á stig þar sem hjólreiðar eru bannaðar. 2. Þegar hjólreiðamenn hjóla á reiðstígnum í gegnum hesthusakverfið, það á að vera staður sem fólk getur umhverfisvandamál hesta sína og á að vera án reiðhjola

Mótorkross hjól á reiðvegum.

Maður með þrjá til reiðar missti taumhestinn sem var greinilega illa taminn og óvanur að vera teymdur með. Hesturinn hljóp til baka með hinn hestinn utan á sér og mætti tveimur reiðmönnum, þeirra hestar fældust og sneru við annar knapinn datt af baki en slapp með minniháttar skrámur. Gassareið á reiðgötum innan hesthúsahverfa hefur líka stefnt fólki í hættu. Ég man eftir tilviki að hestur sem mætti svona glanna stökk til hliðar og lenti á grindverki. Knapinn fékk höfuðhögg og talsverðar skrámur.

T.d bílar mótorkjól eða fjórhjól á reiðstíg

Hestamenn með lausa hesta í reiðherðum. Reiðmenn mæta manni hratt án þess að drag úr hraða. Reiðmenn taka framúr á miklum hraða. Hjólafólk, mótorkjól á reiðatíum.

Hef mætt fólki á vélknúnum og óvélknúnum hjólum sem notar reiðstíga án tillits til hestamanna

Hjólreiðafólk er verst, tekir engri tilsögn og veður áfram með frekju. Svo virðist tillitsleysi annarra reið manna hafa stór aukist og sumt fólk hagar sér eins og fífl á reiðvegum

Yfirleitt er um að ræða sömu einstaklingana sem nota reiðhöllina eins og enginn annars sé í henni og ríða harkalega aftan að öðrum og bara svolítið sjálfhverfir

Þegar riðið er á fulli ferð að hestinum þ.e. komið aftan frá

Krossarar komu á fleygi ferð á móti mér og vinkonu við Rauðavatn, þeir beygðu svo skyndilega í burt, birtust svo aftur síðar á hringnum og brunuðu af stað rétt fyrir framan okkur.

Skilningsleysi gagnvart því hvað hrossin óttast

Bílstjórar flautað þegar ég hef verið að bíða eftir að geta farið yfir flóttamannaleiðina. Þirraðir yfir að sjá hestafólk.

Hundeigandi með 4 lausa hunda - öskraði á mig að stoppa þegar ég nálgast - og gerði þar með úr mér óvin - hundarnir komu gjammandi að mér - mér tókst að róa þá en ekki eigandann - sem opinberlega telur sig yfir aðra hafin í samskiptum við dýr.

Mjög óþægilegt þegar maður kemur ríðandi hratt hvort heldur sem er aftan frá eða framan

Það er mikil æsingur í fólkinu á Krossurum

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Það er mikil æsingur í fólkinu á Krossurum

Man eftir dæmi síðasta vor þegar maðurinn minn var að ríða út aðeins fyrir framan mig. Maður á mótörhjól er að keyra á götunni við hliðina. Hann sýnir fullkomið tillitsleysi og gefur í við hliðina á manninum mínum. Maðurinn minn missir fullkomna stjórn á hestinum því hann verður svo hræddur og hleypur af stað í hendingskasti - á þeim allra mesta hraða sem hesturinn komst - svo hræddur var hann. Þetta hefði geta orðið hræðilegt slys en ég veit ekki hvaða hundaheppni bjargaði manninum mínum.

Það voru áhorfendur að þessu á bíl og einn ökumaðurinn (einnig hestamaður) nær manninum á mótörhjólunni og ræðir við hann - sá vissi alveg hvað hann gerði og var nokk sama. Því ákvað ökumaðurinn að tilkynna lögreglu um þessa vítavæða hegðun

Mótorkrosshjólamenn á þeysiferð yfir hjá Guðmundarlundi... Aðrir hestamenn sem ríða framúr og aftur undir tryppi.

Hjólafólk á sérmerktum reiðvegum og einnig gangandi.

Hlaupandi fólk með blikkljós að kvöldi til og heyrnatól í eyrum og heyrir ekkert þegar verið að kalla á viðkomandi.

Sat unga hryssu sl. vor, var á sérmerktum reiðstíg stutt frá flóttamannaleið. Mætti manni á reiðhjól á mikilli ferð. Reyndi um leið og ég sá hann að biðja hann að hægja á sér, bæði með rödd og látbragði. Fann að hryssan var mjög smeyk. Reiðhjólamaðurinn hægði ekkert á sér fyrr en hryssan mín stökk til baka, greinilega flóttaviðbrögð. Þessi maður gerði sér ekki nokkra grein fyrir hættunni sem hann var að skapa. Þetta er eitt dæmi sem er ofarlega í huga. Hef ótal mörgu sinnum lent í svipuðum aðstæðum.

sérstaklega vélhjól á reiðleiðum upp í Mosfellsdal

Þegar vélhjól/hjól kemur skyndilega fyrir horn.

Sjá fyrra dæmi. Vil taka fram að í 90% tilvika sýnir fólk tillitssemi, færir sig út í vegkant og slekkur á tækjum ef þau sjá hest nálgast.

Reiðhjóla og mótörhjólamenn á reiðstígum.

Eitt dæmi sem henti mig á reiðleiðinni, fólk við sveppatínslu í skærlituðum fatnaði á bak við tré, hesturinn verður þeirra var hendist út í hraunið og ég flýg af. Jú jú ég vissi vel af landingu næstu daga.

Skotið af startbyssu nálægt reiðvegi

Hef þurft að stíga af baki þegar ég sá að hjólreiðamaður kom á miklum hraða niður brekku og sá að leiðir okkar myndu skerast ef ég héldi áfram. Honum brá mikið því hann sá mig/ okkur ekki fyrr en hann kom alveg að okkur og hann baðst afsökunar því hann hafði verið með hugann við annað (tónlist í eyrunum). Hef einnig fengið golfkúlu ansi nálægt mér í Mosfellsdalnum. Eins hef ég upplifað óþægilega stund nálægt flugvellinum við Tungubakka þegar "menn" voru að fljúga litlum fjarstýrðum vélum ítrekað mjög nálægt mér á leið minni þar framhjá (eins og þeir væru að kanna þolmörk hestsins).

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Reiðhjól á reiðstígum, krossarar, hlaupandi fólk með hunda í bandi t.d

Þegar fólk ríður á harða stökki eða mjög greitt hvort sem er á móti eða aftan að manni. Það fælir eða stressar upp flesta hesta.

Þegar knapar koma á harðastökki aftan að mér.

Lausir hundar, vélknúin tæki og hjól á merktum reiðstígum. Lang verst þegar ég er með börnin mín með mér eða einhvern óvanan en þá get ég ekki fullkomlega stjórnað aðstæðum (hinu hrossinu)

Hef mætt hjólreiðafólki á reiðstígum

Mótorkrossarar á fullri ferð, reiðhjól sem koma á miklum hraða inn á reiðleiðir/ sameiginlegar leiðir. Flugeldar utan lögbundins tíma

Nærri keyrður niður af strætisvagni sem kom á mikilli ferð í þann mund sem ég var að fara yfir götu

Er með hundana lausa

Stækkun á golfvelli var gerð fyrir nokkrum árum og kemur oft fyrir að golfarar eru að slá alveg við hliðina á reiðstíg. Gefa manni stundum ekki færi að komast fram hjá áður en meir slá. Einnig mætir maður stundum krossurum á reiðvegum upp í Mosfellsdal.

Mótorkrossarar, rifu kjaft og spændu af stað, sýndu enga tillitssemi. Hrossin fældust mikið.

Þegar vélhjóla menn gefa í þegar hestar hræðast lendir maður í vanda

Mætt krossara óvænt á blindhæð hross fælast og rjúka

Annað útivistarfólk er að jafnaði mjög kurteist - það fer ekki í mínar taugar þó fólk noti reiðleiðir - stuttan spotta til að komast á milli göngu og hjólaslóða. Oftast er um fáfræði að ræða - fólk þekkir ekki til flóttæðlis hrossa. Við eigum að geta þrífist hvert með öðru og hross sem eru svo viðkvæm að þau þoli ekki ytra áreiti frá útivistarfólki á ferð eiga ekki erindi í bæjarhestamennsku og kannski hvergi. Illa er búið að mótórhjólafólki og ferjuleiðar engar. Flestir sem eru á þess háttar tækjum eru mjög kurteisir en það eru til undantekningar og það sama á um hestamenn - sem geta verið leiðinlegir og sjálfhverfir.

Í Rauðhólum og rauðavatni hef ég verið elt af lausum hundum sem hafa reynt að glefsa/bita í hestana mína (á rauðavatni eru lausir hundar bannaðir) er ekki viss með rauðholana, hef lent í vandræðum á trippahring að fólk er þar á vespum og hjóli einnig með hunda líka

strákar með flugelda á reiðleiðinni

Lausir hundar

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Fólk með lausa hunda og nær engu sambandi við hundana. Fólk að hjóla - hlaupa með heyrnartól og veit ekkert hvað er í gangi í kringum þau. Þegar verið er að sprengja flugelda sí og æ - á öllum tímum sólarhrings. Setur okkur í stöðuga hættu og spennu í desember og janúar. Knapar sem eru svo ruddalegir að þeir ríða á fullri ferð aftan í reiðskóla eða hestaleigu -(áhugaverðar auka upplýsingar: en þetta hafa undantekningarlaust verið miðaldra eða gamlir karlar)

stór hóur kemur hjólandi eftir sérmerktum reiðstíg, stoppar ekki en ætlast til að reiðmaður fari út af reiðvegi

Reiðhjól á mikilli ferð svo það kemur hviss hljóð.

Laus hundur kemur á móti manni, bíll ætlar ekki að hægja á sér þegar hann kemur aftan að, hlaupari í æpandi fötum, barnavagn, hjól o.fl, misjafnt eftir hesti hversu mikil "hætta" hefur skapast

mætti guttum (sirka 15 ára) á reiðleiðinni umhverfis elliðavatn á mótorkrosshjólum. þeir gáfu í og reyndu að spóla yfir okkur grjóti þegar við sögðum þeim til.

Fjórhjól bruna hringi í kringum reiðhöll. Munaði engu að keyrt væri á knapa og hest þegar komu út úr höllinni. Knapinn var að teyma hestinn. Þetta var í Sprett (samskipahöllinni) þar sem útgangurinn er á hliðinni. Nú er að ég held búið að koma í veg fyrir að hægt sé auðveldlega að keyra hringinn í kringum höllina.

Hávær tæki á reiðgötum, við reiðgötur. Ekki hægt á þegar farið framhjá, stoppað en brunað svo af stað þegar hesturinn nýkominn framúr.

Tilitslausir knapar sem ríða hratt framan að eða aftan að öðrum knöpum.

hef mætt manneskju á reiðhjóli og svo annari á rafmagnshjálupahjól á flugvallahringnum. Mætti manneskju þar líka á reiðhjól sem var teymandi hross. Hef mætt óþarflega mörgum bæði knöpum og gangandi sem eru með lausa hunda sem æða í hrossin.

Krossarar hafa fælt hross í hóp sem ég var í, viðkomandi féll af baki og brotnaði

Mótorkrosshjól á stóruferðinni komu á eftir okkur á reiðveginum

Fólk hlaupandi/hjólandi á reiðleið

-Nokkur skipti hafa vespur, mótorkrosshjól, reiðhjól og fólk gangandi með hunda verið á reiðstíg.

- Reiðhjólafólk sem keppist við að hjóla hratt er ekki að veita umhverfi athygli og hefur ekki áhuga á að hægja á sér eða stoppa við reiðleiðir þótt það sjái hestafólk nálgast.

-Hef fengið lausan Schefferhund hlaupandi að okkur (þáverandi hestur var lafhræddur við hunda).

- Að ósögðum sprengingum í flugeldum fyrir og eftir áramót.

Oft mætt hjólafólki á reiðstígum sem ekki stoppa, eins með mótorkross hjól og hlaupa/göngufólk eða m lausa hunda og hefur skapað hættu.

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Reiðmenn sem skammast út í aðra.

Mótorkrosshjólí ekið á mikilli ferð að hestum og knöpum. Reiðhjólafólk á reiðvegum. Lausir hundar sem hlaupa að hestunum. Hlaupandi börn í litskrúðugum fatnaði. Aðrir knapar sem ríða allt of hratt framan eða aftan að manni. Sýna ekkert tillit.

Svifdrekaíðkun, gangandi / hlaupandi/ hjólandi fólk

Fólk með heyrmatól t.d og hægir ekki ásér vegna þess að það heyrir ekki í hrossum

Folk með barnavagna a reiðvegum, folk hjolandi a reiðvegum, bílar, krossarar og fl sem ætti ekki að vera a reiðvegum , lausir hundar

Hjólreiðamenn sem stoppa ekki á gatnamótum við reiðstíga, hægja ekki á sér.

Takk kærlega fyrir þessa könnun.

Hef mjög oft hitt hjólafólk á reiðstígum og bendi því kurteislega á hættuna þ.e.a.s ef ég er ekki þá þegar búin að missa stjórn á mínum og farin í ferðalag

T.d. Ákveðnar týpur sem halda að þær eigi allar reiðgötur og megi ríða um á ofsahraða - því nær Víðidalnum því verra! Fólk sem hægir ekki á sér þegar það mætir öðrum reiðmönnum - það eru engin geimvísindi að sjá út hvort hestur sem þú nálgast eða mætir sé í jafnvægi eða ekki.

Hef dottið sjálf af baki vegna konu sem labbaði "á móti umferð" í undirgöngum sem eru merkt frá og til faks. Hef lent í fólki koma á vélknúnum ökutækjum í myrkrunu aftan að mér og framan á. Hlaupandi/gangandi/börn/með hunda gera sér enga grein fyrir hegðun hesta og fæla þá. Hef orðið vitni af slysum útaf svona atvikum og allskonar virðingarleysi gagnvart hrossum og merktum reiðleiðum

Allof oft mætt motorhjólum (krossurum), fjórhjólum og reiðhjólum á reiðvegum, einkum þegar vorið nálgast. Almennt taka viðkomandi tillit til reiðmanna og stöðva. Í samtölum þykjast viðkomandi ekki vita að um lokaða reiðleið sé að ræða og taka ábendingum vel. Legg áherslu á að koma koma vel fram og ræða hættuna sem getur skapast. Mikilvægt að reiðleiðir séu vel merktar og hvaða umferð sé heimil um þær. - Þyrfti að setja upp myndavélar þar sem farið er inn á reiðleiðir sem freista ökumanna á vélknúnum tækjum.

Þegar fólk keyrir alltof hratt í gegnum hverfið og stoppar jafnvel ekki fyrir riðandi fólki. Þegar maður mætir hjóla reiða fólki sem stoppar ekki þrátt fyrir að knapinn sé að missa stjórn á hestinum sínum þrátt fyrir að vera á merktum reiðstíg

The disrespectful ATVR motorcross riders are all over the horse paths especially on weekends and are extremely disrespectful and many times tend to go even faster when they see horses coming. They go faster so they can scare the riders.

Tiltslaut hjólafólk

25. Lýstu aðstæðum sem þú hefur upplifað að hegðun annara skapaði hættu fyrir knapa

Fer alveg eftir aðstæðum hvað ég geri. Veit af því að laus hundur hljóp á eftir hrossi með knapa sem varð mjög hrætt. Oftast eru það hávæð hljóð, td úr mótorkrosshjólum eða svipuðu sem fæla hestana og hef bæði mætt fólki sem spáir ekkert í því en líka aðra sem drápu á vélinni og biðu eða stigu af hjólunum. Hluti af þeirri hættu er líka að reiðvegur og vegur eru hlið við hlið - mismikið pláss á milli og mér hefur fundist muna um plássíð - eða jafnvel að reiðvegurinn er í smá stund líka vegurinn.

Mótorhjól kom á miklum hraða á móti mér eftir reiðstignum og sló ekkert af. Munaði litlu að hann keyrði á mig og hrossin.

Þegar fólk er að reyna troðast framhjá reiðmönnum með hjól, barnavagna, snjóþótur. Bið fólk vinsamlegast að standa kyrr og mjaka mér framhjá.

Þegar mórorkrosshjól kom á fleygiferð

Það er eiginlega daglegt brauð, ekkert eitt tilvik.

Hef t.d. mætt mótorkrossköppum á reiðvegum sem og öðru útivistarfólki

Reiðhjól stoppaði ekki þegar hestur og hjól mættust

Ríða harkalega/hratt aftan í mann

Fólk á ýmsum farartækjum sem hægja ekki á, hlaupandi fólk á reiðstígum, hjól og krossarar á reiðstígum

Hjólafólk á reiðvegi, fullur knapi í hestaferð að arga og garga, hestafólk að keyra reiðveginn, hestakona Á REIÐHJÓLI á reiðvegi að teyma hest, fólk með hestvagn á reiðveginum...

Rauk hestur þegar mótorhjól kom á reiðstígi. Þegar ég var að teyma og hestarnir fengu skiltið á milli sín á Landsendaveginum, mjög hættuleg staðsetning umferðarskilta þar.

Þegar ég og vinkona mín vorum í reiðtúr á tveim tryppum og það kemur stór laus hundur alveg ofaní okkur og við reyndum að benda eiganda hundsins að þetta væri hættulegt og að þetta væri ungir hestar og eigandinn tók hundin ekki og sagði að hundurinn væri líka ungur

Í Hjöllunum voru feðgar á ferð á mótorhjólum sínum á reiðleið og við mættust á hæð. Ég var búin að verða vör við þá og fór af baki.

Mæta fullum reiðmönnum sem sveiflar þísknum óspart



teikn: Bjarni Pálsson